

# *Fornleifarannsókn á Neðra Ási í Hjaltadal 1998*

Orri Vésteinsson

**Fornleifastofnun Íslands**  
**FS068-98173**  
**Reykjavík 1998**



## *Efnisyfirlit*

|                                     |    |
|-------------------------------------|----|
| Inngangur                           | 4  |
| Kirkja Þorvaraðar Spak-Böðvarssonar | 6  |
| Jörðin Neðri Ás                     | 12 |
| Staðhættir                          | 16 |
| Mannvistarleifar frá 10. og 11. öld | 17 |
| Kirkjugarður                        | 19 |
| Kirkja                              | 22 |
| Járvinnsla                          | 29 |
| Fjárhús                             | 32 |
| Lokaorð                             | 36 |
| Þakkir                              | 39 |
| Heimildir                           | 40 |

## *Kort og teikningar*

|             |  |    |
|-------------|--|----|
| Kort 1.     | Jörðin Neðri Ás og nágrenni                  | 15 |
| Teikning 1. | Hæðalíkan af “Bænhúsi” og kirkjugarði        | 16 |
| Teikning 2. | Snið af mótum túngarðs og kirkjugarðsveggjar | 18 |
| Teikning 3. | Grafir í kirkjugarðinum á Neðra Ási          | 20 |
| Teikning 4. | Leifar síðustu kirkjunnar á Neðra Ási        | 23 |
| Teikning 5. | Mögulegar leifar eldri kirkna á Neðra Ási    | 26 |
| Teikning 6. | Sylgja                                       | 28 |
| Teikning 7. | Leifar járvinnslu í kirkjutóft á Neðra Ási   | 30 |
| Teikning 8. | Brot úr kakalofnsflís                        | 33 |
| Teikning 9. | Grunnar fjárhúsa á Neðra Ási                 | 34 |

## Inngangur

Á miðöldum voru kirkjur eða bænhús á öðrum til þriðja hverjum bæ á Íslandi. Um fjölda slíkra húsa má fá nokkuð góða hugmynd af kirkjumáldögum frá 14., 15. og 16. öld en þeir greina margir frá fjölda bænhúsa og útkirkna í hverri kirkjusókn. Erfiðara er að fá heildstætt yfirlit um við hvaða bæi hús af þessu tagi voru, því máldagarnir greina sjaldnast frá því. Oft er sagt frá bænhús- eða kirkjuskyld í jarðakaupabréfum því litið var á slíkt sem kvöð á jörðunum. Algengara er þó að upplýsingar um einstök bænhús eða kirkjur hafi aðeins varðveist í miklu yngri heimildum, rituðum löngu eftir að húsin voru aflögð. Lítið er vitað um þessar smákirkjur, lýsingar á þeim eru nær engar til og um hlutverk þeirra, einkum bænhúsanna, er margt á huldu. Auk dómkirkjunnar í Skálholti hafa kirkjur verið grafnar upp á fjórum stöðum á Íslandi: í Kúabót í Álfaveri, á Stöng í Þjórsárdal, Varmá í Mosfellssveit og Krossi á Skarðsströnd.<sup>1</sup> Þessar rannsóknir hafa þó ekki skorið úr um helstu álitamál sem uppi eru um gerð, hlutverk, fjölda og aldur íslenskra miðaldakirkna. Áleitnustu spurningarnar verður að telja þessar: Hvenær var byrjað að byggja kirkjur á Íslandi? Hvaða fyrirmyn dir voru að fyrstu kirkjunum? Eru tengsl milli stærðar og byggingarlags annarsvegar og þess hvort að húsið var bænhús, útkirkja eða sóknarkirkja? Hvenær byrjuðu smákirkjurnar að leggjast af og afhverju?

Það er spurningum af þessu tagi sem svara má með fornleifauppgrefti og verður hér gerð grein fyrir slíkri rannsókn sem fram fór á Neðra Ási í Hjaltadal sumarið 1998.

Matthías Þórðarson þjóðminjavörður friðlýsti meintar kirkju- og kirkjugarðsleifar á Neðra Ási í Hjaltadal 10.06.1926 en ekki er vitað til að hann eða aðrir fram að þeim tíma hafi gert þar vettvangsathuganir. Mun friðlýsingin fyrst og fremst hafa byggst á frásögn fornrita um kirkju Þorvarðs Spak-Böðvarssonar sem hann á að hafa reist 984, en getið er um tóftaleifar þeirrar kirkju í jarðabók Árna

<sup>1</sup> Auk þeirra má nefna kirkju á Stóruborg undir Eyjafjöllum, sem ekkert var þó eftir af nema stoðarholur, og kirkjur á Gásum í Eyjafirði, Gunnsteinsstöðum í Langadal, Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp og Bjarnastöðum í Tungunni litlu þar sem aðeins hafa verið gerðar minni háttar rannsóknir. Uppgreftir hafa verið gerðir mun viðar í kirkjugörðum, þar sem annaðhvort hefur ekki verið hreyft við kirkjulefunum eða þær hafa verið gersamlega horfnar. Helstu rannsóknir af því tagi eru: Skeljastaðir í Þjórsárdal, Reykjavík, Nes við Seltjörn, Haffjarðarey og Kirkjuból í Skutulsfirði.

Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709<sup>2</sup> og í sóknarlýsingu frá 1843 segir frá kirkjugarðsleifum ofan við bæinn sem séu af þeirri sömu kirkju.<sup>3</sup>

Árið 1984 gerði Þór Magnússon þjóðminjavörður lítilsháttar uppgröft sunnan við fjárhús á Neðra Ási sem gengið hefur undir nafninu “Bænhúsið” en utanum það er hálfringmyndaður garður. Komu þá í ljós kristnar grafir og voru hlutar úr tveimur beinagrindum grafnir upp. Var þar með staðfest að á þessum stað væri kirkjugarður.<sup>4</sup>

Síðsumars 1997 gerði Þjóðminjasafnið, undir stjórn Sigurðar Bergsteinssonar, forkönnun á kirkjustæðinu og vor þá grafnir tveir skurðir, einn þvert yfir fjárhúsið og annar í gegnum kirkjugarðinn. Í seinni skurðinum sást að garðurinn er hlaðinn úr torfi og að gjóskulag frá Heklugosi 1104 liggur upp að honum. Garðurinn er því eldri en 1104. Í skurðinum sem tekinn var þvert í gegnum fjárhúsið kom í ljós að undir því voru nokkur eldri byggingarstig, þ.á.m. kolaðar timburleifar neðst, sem gáfu góða von um að á þessum stað mætti grafa fram leifar af fornri kirkju. Ennfremur komu í ljós merki um grafir fast sunnan við kirkjuvegginn og lá gjóskulagið frá 1104 yfir sumum þeirra.<sup>5</sup>

Á þessum grundvelli var ákveðið að ráðast í heildarrannsókn á kirkjuleifum á Neðra Ási sumarið 1998. Rannsóknin er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns og Fornleifastofnunar og er henni stjórnað af Orra Vésteinssyni fornleifafræðingi. Skipuð var fimm manna ráðgjafanefnd og sitja í henni Benedikt Hallgrímsson mannfræðingur, Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingur, Hjörleifur Stefnisson arkitekt, Sigurður Bergsteinsson fornleifafræðingur og Þór Magnússon þjóðminjavörður. Orri, Hildur og Sigurður unnu við uppgröftinn undir verkstjórn Howells M. Roberts fornleifafræðings, en auk þeirra unnu Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur, Gróá Másdóttir og Natascha Mehler nemar og Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur að greftinum. Hildur hafði umsjón með uppgrefti og rannsókn mannabeina, en Benedikt Hallgrímsson og Barra Ó Donnabháin fornleifafræðingur unnu einnig um tveggja daga skeið við uppgröft mannabeinaleifa. Hildur hefur ritað skýrslu um mannabein þau sem í ljós komu.<sup>6</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur rannsakaði gjóskulög á

<sup>2</sup> JÁM IX, 221.

<sup>3</sup> SSSK, 130.

<sup>4</sup> Þór Magnússon: ‘Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1984.’ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1984*, s. 193-213.

<sup>5</sup> Sigurður Bergsteinsson: *Fornleifarannsókn í Neðra-Ási 1997* (Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar XIX), Reykjavík 1997, Hildur Gestsdóttir: *Athuganir á varðveislu beina úr kirkjugarðinum að Neðri-Ási*, Reykjavík 1997.

<sup>6</sup> Hildur Gestsdóttir: *Rannsókn á beinum úr kirkjugarðinum að Neðra-Ási i Hjaltadal*, 1998, Reykjavík 1998.

Neðra Ási og hefur ritað skýrslu um þá athugun.<sup>7</sup> Sá háttur hefur verið hafður á um framsetningu gagna í þessu verkefni að Howell M. Roberts hefur ritað uppgraftarskýrslu á ensku þar sem gerð er grein fyrir, gangi uppgiftarins og þeim aðferðum sem beitt var, mannvistarleifum lýst nákvæmlega og fjallað um innbyrðis afstöðu þeirra. Þar eru einnig birtar skrár um mannvistar�og, gripi sem fundust og sýni sem tekin voru.<sup>8</sup> Sú skýrsla liggur til grundvallar þessari ritgerð sem ætlað er að gera grein fyrir helstu niðurstöðum og setja þær í víðara menningarsögulegt samhengi.

Rannsóknum á Neðra Ási er ekki lokið, því sumarið 1998 var aðeins grafið niður að yngstu kirkjuleifum á Neðra Ási. Ljóst er að kirkjan þar hefur verið umbyggð oftar en einu sinni og hugsanlega endurreist frá grunni og er vonast er til að hægt verði sumarið 1999 að rannsaka þá byggingarsögu og komast að stærð og gerð eldri kirkna á staðnum. Lokaniðurstöður munu því ekki liggja fyrir fyrr en síðla árs 1999 en hér verður gerð grein fyrir þeim niðurstöðum sem þegar hafa fengist, bæði um kirkjuleifarnar og yngri minjar sem fjarlægðar voru með öllu sumarið 1998. Áður en gerð verður grein fyrir mannvistarleifum sem í ljós komu við uppgröftinn verður fjallað um miðaldaheimildir um kirkju á Neðra Ási, um sögu jarðarinnar og staðhætti í grennd við kirkjustæðið

### *Kirkja Þorvarðar Spak-Böðvarssonar*

Kirkjan á Neðra Ási í Hjaltadal er í sérflokki meðal íslenskra miðaldakirkna því um hana hafa varðveist óvenjulegar heimildir. Kirkju þar er hvergi getið í máldögum eða öðrum kirkjulegum skjölum, en í því sambandi er þó rétt að minnast að engar upplýsingar af því tagi hafa varðveist úr Hölasókn og Neðri Ás varð snemma stólsjörð þannig að ekki er um nein jarðakaupabréf að ræða hvað hana varðar. Kirkjan í Ási er hinsvegar viðfangsefni smásögu, sem er einskonar útúrdúr úr sögu um trúboð Þorvalds víðförla á Íslandi í lok 10. aldar. Þessi smásaga er varðveitt í tveimur gerðum, í Kristni sögu og Þorvalds þætti víðförla. Þar sem þessi saga er undirrótin að rannsóknum á Neðra Ási er vert að gera rækilega grein fyrir henni og uppruna þeirra rita sem hún hefur varðveist í.

<sup>7</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson: 'Fornleifarannsókn að Neðra-Ási í Hjaltadal – gjóskulagagreining –' viðauki í Roberts: *Neðri Ás í Hjaltadal* 1998.

<sup>8</sup> Howell Roberts: *Neðri-Ás í Hjaltadal. Framvinduskýrsla. Preliminary excavation report 1998*, Reykjavík 1998.

Kristni saga er varðveitt í Hauksbók, sem Haukur Erlendsson lögmaður skrifaði á fyrsta áratug 14. aldar.<sup>9</sup> Sagan er þar spyrt saman við landnámugerð Hauks og hefur hann ritað bæði verkin eftir sama forritinu, en það hefur verið bók Sturlu Þórðarsonar með hans eigin landnámugerð og Kristni sögu. Þess hefur verið getið til að Sturla Þórðarson lögmaður hafi samið Kristni sögu, og hafi hann ætlað henni að vera einskonar tengirit milli Landnámabókar og Sturlunga sagna í allsherjar Íslandssögu.<sup>10</sup> Vist er að Kristni saga hefur staðið á eftir gerð Sturlu af Landnámabók í forriti Hauks, en það þarf vitanlega ekki að þýða að Sturla hafi frumsamið söguna. Bent hefur verið á að meðferð heimilda sé með allólíkum hætti í Kristni sögu og Íslendingasögu Sturlu,<sup>11</sup> og á meðan að rittengsl Kristni sögu við aðrar sögur hafa ekki verið athuguð skipulega verður ekki meira um hana sagt en að hún hafi verið rituð á 13. öld. Kristni saga byggir að stærstum hluta á Íslendingabók Ara fróða, en bent hefur verið á að hún þiggi einnig frá Laxdæla sögu<sup>12</sup> og Vatnsdæla sögu,<sup>13</sup> og bendir það til að sagan sé heldur skrifuð á seinni hluta en fyrri hluta 13. aldar. Kristni saga hefur einnig verið talin sækja margt frá Ólafs sögu Tryggvasonar eftir Gunnlaug Leifsson sem hann ritaði um 1200. Sú saga er glötuð en er talin liggja til grundvallar Ólafs sögu hinni mestu sem sett var saman á 14. öld.<sup>14</sup>

Þorvalds þáttur víðförla hefur varðveist sem hluti af hinni miklu samsteypu um Ólaf Tryggvason í nokkrum handritum frá 14. öld.<sup>15</sup> Þátturinn er til í tveimur gerðum, lengri og styttri, og er í báðum gerðum sagt frá kirkjugerð Þorvarðs Spak-Böðvarssonar á Ási en í styttri gerðinni, sem varðveitt er í Flateyjarbók og einu öðru handriti, er sleppt sögu um tilraunir manna til að brenna kirkjuna, en sú saga er bæði í lengri gerðinni og Kristni sögu. Í fullri lengd segir sagan frá því að Þorvarður Spak-Böðvarsson létt reisa kirkju á bæ sínum á Ási sextán vetrum áður en kristni var lögtekin og hafði Friðrik biskup fengið honum prest. Klaufi Þorvaldsson, sem var höfðingi í Fljótum, var ósáttur við þessa framkvæmd, og leitaði til Arngeirs, bróður Þorvarðs, um að klekkja á Þorvarði, annaðhvort með því að drepa prestinn eða brenna kirkjuna. Arngeir réð frá því að drepa prestinn því Þorvarður myndi hefna þess

<sup>9</sup> AM 371 4°.

<sup>10</sup> Finnr Jónsson setti þessa skoðun fyrstur fram en Jón Jóhannesson færði fyrir henni frekari rök í *Gerðum Landnámabókar*, Rv. 1943, 16-19, 70-71, 224-25 og á þau hafa Sigurður Nordal, *Um íslenzkar fornsögur*, Rv. 1968, 97 og Magnús Már Lárusson í KHL IX, 356, fallist.

<sup>11</sup> ÍBS I, 306-308.

<sup>12</sup> Bjarni Aðalbjarnarson, *Om de norske kongers sagaer*, Oslo 1947, 123.

<sup>13</sup> ÍF VIII, xli.

<sup>14</sup> KHL XII, 551-553.

<sup>15</sup> Þau helstu eru: AM 61 fol, skr. 1350-1375; AM 53 fol, skr. 1375-1400, AM 54 fol, skr. 1375-1400, AM 62 fol, skr. 1375-1400 og Flateyjarbók GKS 1005 fol, skr. 1387-1395.

## Kristni saga

... tók við trú ... Þorvarðr Spakböðvarssun í Ási í Hjaltadal ...

Þorvarðr Spakböðvarssun lét gera kirkju á bæ sínum í Ási;

þat líkaði mönnum stórilla, þeim er heiðnir voru. Maðr hét Klaufi, sun Þorvalds Refssunar frá Barði; hann var höfðíngi; honum likar þetta stórilla við Þorvarð, ok fór hann at finna Arngeir, bróðir Þorvarðs, ok bauð honum kost á, hvárt hann vildi heldr brenna kirkjuna, eða drepa prest þann, er biskup hafði þar til fengit. Þá svarar Arngeir: "let ek hvern minna vina at gera prestinum mein, þvíat bróðir minn hefir grimmiliga hefti smærri mótgérða, en gott ráð ætla ek þat at brenna kirkjuna, en þó vil ek mér engu af skipta."

Litlu síðar fór Klaufi til um nótt, ok vildi brenna kirkjuna: þeir voru saman x; en er þeir komu í kirkjugarðinn, sýndist þeim sem eldr fyki út um alla gluggana á kirkjunni, ok fóru því brott, at þeim sýndist öll kirkjan eldsfull. Ok er hann spurði, at kirkjan væri eigi brunnin, fór hann til aðra nótt, ok Arngeir, ok ætlaði að brenna kirkjuna, en er þeir höfðu upp brotið kirkjuna, þá kveykti hann eldinn með fjalldrapa þurum; eldr kviknaði seint; þá lagðist hann niðr, ok blés at innyfir þreskeldinn;

þá kom ör í gólfit hjá yfir höfði honum, en önnur millim skyrtunnar ok síðu hans;

þá hljóp hann upp, ok kallaðist eigi mundu bíða hinnar þriðju;

fór Arngeir þá heim;

en kirkja sú var ger xvj vetrum áðr kristni var í lög tekin á Íslandi, en hún stóð þá er Bótólfr biskup var at Hólum, svá at ekki var at gert utan at torfum. Bsk I, 6-7.

grimmilega en þess í stað reyna þeir að brenna kirkjuna. Í fyrstu tilraun sýnist brennumönnum kirkjan þegar standa í ljósum logum er til var komið, en í næstu tilraun brutu þeir upp kirkjuhurðina og á meðan Arngeir bisaði við að tendra eld á

## Þorvalds þáttur viðförla, lengri gerð

... tóku rétta trú nokkurir göfugir menn: ... Þorvarðr í Ási við Hjaltadal; bróðir Þorvarðs hét Arngeir ok annar Þórðr; hann var sonr Spak-Böðvars Öndóttsonar landnámamanns er bjó í Viðvík ....

Þorvarðr Spak-Böðvarsson lét gera kirkju á bæ sínum í Ási, ok hafði með sér prest, er biskup fékk honum, at sýngja sér tiðir, ok veita honum guðliga þjónostu. Við þat varð mjög reiðr Klaufi, son Þorvalds Refssonar frá Barði í Fljótum. Klaufi var mikilsháttar maðr; hann


fór til fundar við bræðr Þorvarðs, Arngeir ok Þórðr, þess eyrendis, at hann bauð þeim kost á, hvárt þeir vildu heldr drepa prestinn eðr brenna kirkjuna. Arngeir svarar: "let ek þík þess, ok svá hvern annan minn vin, at drepa prestinn, því at Þorvarðr bróðir minn hefir fyrrum grimmiliga hefti smærri meingerða, en ek get at honum þiki þessi, en hins vil ek eggja, at þú brennir kirkjuna. Ekki vildi Þórðr samþykka þeim at þessu ráði.

Litlu síðarr fór Klaufi til um nótt við tíunda mann at brenna kirkjuna; en er þeir nálgaðust ok gengu í kirkjugarðinn, kendu þeir ákafligan hita ok sá mikla gneistaflaug út í glugga kirkjunnar; fóru þeir brottu við þat, at þeim þótti kirkjan full af eldi. Annan tíma fór Arngeir til við marga menn, ok ætlaði at brenna þessa sömu kirkju; en er þeir höfðu brotið upp hurðina, ætlaði hann at tendra eld á gólfini við þurran fjalldrapa; en því at eigi logaði svá skjótt sem hann vildi, þá lagðist hann inn yfir þreskjöldinn ok ætlaði at blásá at, er gloðin var nóg, en eigi vildi festa í viðinum; þá kom ör, ok stóð fóst í kirkjugólfini rétt við höfut honum, ok þegar kom önnur, sú nísti klæði hans við gólfit, svá at örín flaug í millum síðu hans ok skyrtunnar, er hann var í; hann hljóp upp hart ok mælti: "svá flaug þessi örín nær síðu minni, at ek em ráðinn í at bíða eigi hér hinnar þriðju." Nú hlifði guð svá húsi sínu. Fór Arngeir á brottu með sína menn, ok leituðu heiðengjar eigi optarr at brenna þá kirkju. Þessi kirkja var gjör xyj árum furr en kristni var lögtekin á Íslandi, en hún stóð svá at ekki var at gert. Bsk I, 43-44.

kirkjugólfina var skotið að honum örvum og nísti önnur skyrtu hans við gólfíð. Hörfuðu þeir svo á braut og er í báðum sögunum tekið fram að kirkjan hafi staðið óhöggud síðan. Sagan er í aðalatriðum eins í þættinum og Kristni sögu, en þátturinn er þó langorðari og hefur umfram ættfræðiupplýsingar um Spak-Böðvarssyni og bætir við þriðja bróðurnum, Þórði, sem ekki vildi taka þátt í kirkjubrennunni. Í Kristni sögu hafði Þorvarður áður verið talinn meðal helstu höfðingja á Norðurlandi um 980. Í lengri gerð Þorvalds þáttar stendur aðeins að kirkjan “stóð svá at ekki var at gert” en í styttri gerðinni er þessari setningu slept alveg. Í Kristni sögu segir að kirkjan hafi enn staðið “þá er Bótólfr biskup var at Hólum, svá at ekki var at gert utan at torfum.” Bótólfur var biskup á Hólum 1238-1245 og hlýtur þessi klausa því að vera yngri en það. Setningin í Þorvalds þætti er óeðlileg og hefur annaðhvort dottið út niðurlag hennar eða henni hefur verið breytt úr nútíð. Guðbrandur Vigfússon stakk upp á því í útgáfu sinni af þættinum að setningin hefði upphaflega hljóðað svo: “en hún stendr svá at ekki er at gert” og benti á að í elsta handritinu sést að þessum orðum hefur verið breytt af ritara.

Þó að allnokkur munur sé á orðalagi og nokkrum smávægilegum efnisatriðum í þessum tveimur gerðum sögunnar er ljóst að þær eru náskyldar og sennilegt að þær eigi sér sameiginlegan forvera. Freistandi er að rekja báðar gerðirnar aftur til Ólafs sögu Tryggvasonar eftir Gunnlaug munk, en talið er að hann hafi bætt við eldri Ólafs sögu Odds munks margvíslegu efni um kristna landnámsmenn og kristniboð á Íslandi. Elsta gerð Þorvalds þáttar hefur þá verið í Ólafs sögu Gunnlaugs og Kristni saga hefur byggt á henni. Lokasetningin um kirkjuna á Ási bendir sterkelega til þess að gerðirnar tvær séu misaldra. Sagan um kirkjuna í Ási hefur þá upphaflega verið rituð um 1200 og skilað sér óbreytt, eða lítið breytt, í Þorvalds þætti í Ólafs sögu Tryggvasonar hinni mestu. Hinsvegar hefur höfundur Kristni sögu, eða einhver seinni afritari þeirrar sögu, t.d. Sturla eða Haukur, bætt við setningunni um Bótólf, hugsanlega af því að þeir vissu að kirkjan hafði verið endurbyggð eða að hún hefur verið fallin.

Annaðhvort hefur höfundur greinarinnar vitað að endurbygging eða hrún kirkjunnar átti sér stað í biskupstíð Bóltólfss eða að hann hefur verið ókunnugur á þessum slóðum en vitað að forrit það sem hann hafði undir höndum var ritað í tíð Bótlfs, og því ekki viljað fullyrða neitt meira en hann taldi sig vita. Verður fyrri möguleikinn að teljast sennilegri. Í lok Þorvalds þáttar er tímatatalsgrein þar sem koma Friðriks biskups og Þorvalds er tímasett út frá upphafi Íslands byggðar og kirkjubyggingu Þorvarðs Spak-



Tafla 1. Hugmynd að stemmu sögunnar um kirkjuna í Ási. Það er hrein ágiskun að elsta gerð Kristni sögu hafi verið gerð um 1250.

Böðvarssonar. Hvað varðar kirkjubyggingu Þorvarðs hefur greinin ekkert sjálfstætt gildi í sögunni, því sömu upplýsingar hafa áður komið fram. Það að kirkjubyggingin er notuð sem tímatalsviðmið ber hinsvegar keim af annálagreinum um þessa sömu kirkjubyggingu. Í öllum helstu miðaldaannálum Íslands er getið um kirkjubyggingu Þorvarðs:

|                  |      |  |         |
|------------------|------|--|---------|
| Resensannáll:    | 983: | Kirkju gorð Þorvarðar Spac boðvars sonar   | IA, 16  |
| Forniannáll:     | 983: | Kirkio gerþ Þorvarþar Spaboðvars sunar   | IA, 48  |
| Konungsannáll:   | 984: | Kirkivgorð Þorvarðar Spakboðvars sonar   | IA, 104 |
| Skálholtsannáll  | 984: | kirkiv giorð Þorvarðar Spakbavðvar sonar   | IA, 178 |
| Lögmannsannáll   | 984: | kirkju giord Bauduars Spakbauduars sonar   | IA, 249 |
| Gottskálksannáll | 984: | kirkju gerd Þoruardar Spac bodvars sonar   | IA, 315 |
| Oddaverjaannáll  | 984: | þa bygdi þordur son spak Bauduars fyrst kirkju<br>ai Íslandi: þui hann tok wid tru riettri af ordum og<br>wmtaulum Fridrekz biskups. | IA, 463 |

Allir eru annálarnir samhljóða nema Lögmannsannáll sem hefur Böðvar fyrir Þorvarð, sem örugglega er ritvila, og Oddaverjaannáll sem er margorðari og hefur Þórð fyrir Þorvarð. Það er sennilega einnig ritvila, en athyglisvert er þó að samkvæmt Þorvalds þætti átti Þorvarður bróður sem Þórður hét og vildi ekki fylgja þeim Klaufa og Arngeiri í að brenda kirkjuna. Oddaverjaannáll er samsteypa frá 16. öld sem byggir á eldri annálum og ýmsum öðrum heimildum og hefur því tæplega sjálfstætt heimildagildi.

Þessar annálagreinar eru merkilegar því að hinir íslensku annálar geta ekki margra atburða úr sögu Íslands á 10. öld, og aðeins örfárra er getið í þeim öllum.<sup>16</sup> Lítið er vitað um hvenær byrjað var að halda saman annálum á Íslandi, en víst er að

<sup>16</sup> Það eru: lögsaga Hrafns Hængssonar 930, Blund-Ketilsbrenna 962, víg Brodd-Helga 974, óold hin fyrri 975, útkoma Friðriks biskups 981, Bardagi á Hrisateig 983, bygging Grænlands 986, bardagi í Böðvarsdal 989, víg Arnórs í Skógin 997, bardagi í Eyvindardal 998, kristni lögtekin 1000.

það hefur verið fyrir síðasta fjórðung 13. aldar og einnig er ljóst að um íslenska atburði fram að þeim tíma byggja þeir allir á sama heimildaforða. Vitað er að fyrir miðja 12. öld hafa menn farið að halda til haga ýmiskonar upplýsingum sem seinna rötuðu inn í annála, t.d. um sólmyrkva, en ekki er vitað hvort einhverskonar frum-annáll hefur orðið til þá eða hvort eiginleg annálaskrif hafi ekki hafist fyrr en síðar. Annálsgreinin um kirkjugerð Þorvarðs Spak-Böðvarssonar hefur greinilega verið í þeim heimildaforða eða frum-annál sem hinir varðveittu annálar byggja á. Hversu gömul greinin er, er hinsvegar vandara að segja en vel er mögulegt að hún sé eldri en Ólafs saga Gunnlaugs munks og þannig megi rekja hefðina bak við þessa sögn aftur á 12. öld. Nákvæm rannsókn á íslenskum annálum hefur ekki farið fram en vel er mögulegt að hún gæti varpað frekara ljósi á þetta atriði.

Annálsgreinarnar bera með sér að kirkjugerð Þorvarðs Spak-Böðvarssonar hafi verið eitt þeirra atriða úr sögu 10. aldar sem rataði inn í sagnarit fljótlega eftir að ritun þeirra hófst á 12. öld. Hvort það hefur verið sjálfstæð minnisgrein sem byggði á munnlegri hefð eða hvort að baki liggur skrifaður texti þar sem útkoma Friðriks biskups hefur einnig verið tímasett, en hennar er einnig getið í öllum sömu annálum, er vandara að segja. Ekki verður heldur mikið í það ráðið að annálarnir geta ekki um hvar Þorvarður byggði kirkju sína. Það getur þýtt að staðsetningin hafi í upphafi verið á reiki, t.d. að ekki hafi verið vitað hvar Þorvarður bjó, en fullt eins líklegt er að bæjarnafninu hafi verið sleppt í ánnálunum af því að það skipti ekki meginmáli.

Annálarnir benda því til að sögnin um kirkjugerð Þorvarðs Spak-Böðvarssonar 984 hafi verið vel þekktur atburður meðal sögufróðra manna á 12. og 13. öld, einn sárafárra frá 10. öld. Hvert innihald þeirrar sögu hefur verið á 12. öld vitum við ekki því að forrit sögunnar í Þorvalds þætti og Kristni sögu er eina heimildin um bústað Þorvarðs, tilraun manna til að brenna kirkjuna og það að hún hafi staðið óbreytt fram á 13. öld. Ef Gunnlaugur munkur hefur fyrstur manna fært söguna í letur um 1200 getur verið að hann hafi byggt á vel mótaðri munnlegri geymd, en hitt er ekki hægt að útiloka að sagan sé að stærstum parti uppspuni hans og lærðar ágiskanir.

Í sögunni kemur fátt fram sem varpað getur ljósi á gerð kirkjunnar, stærð eða staðsetningu. Í báðum gerðum sögunnar er gert ráð fyrir glugga á kirkjunni, í Þorvalds þætti er einn gluggi, sem af samhengi má ráða að hafi verið á vesturstafni en í Kristni sögu er talað um glugga í fleirtölu. Í báðum gerðunum er talað um kirkjugarð, og hurð á kirkjunni sem þurfti að brjóta upp. Má af því ráða að venja hafi verið að hafa kirkjur læstar. Talað er um kirkjugólf og þó að eðlilegra virðist að

ímynda sér að átt sé við timburgólf er ekki útilokað að höfundur hafi hugsað sér moldargólf. Þröskuldur kemur fyrir í báðum gerðum og leggst Arneir yfir hann til að blása lífi í eldinn. Þó að það sé á engan hátt afgerandi vitnisburður, bendir það ekki til að húsið hafi verið mjög stórt. Ekki er óhugsandi að höfundur hafi hugsað sér að hinum heiðnu brennuvörgum hafi staðið slík ógn af húsi guðs að þeir hafi ekki þorað að stíga inn í það.

Hér hefur verið fjallað nokkuð um frásagnir miðaldarita um kirkju Þorvarðar Spak-Böðvarssonar á Ási. Strangt tekið er ekki hægt að rekja þá sögu lengra aftur en til Sturlu Þórðarsonar sem hefur ritað hana í gerð sinni af Kristni sögu um 1280. Hinsvegar má færa haldbær rök að því að sagan sé upphaflega ættuð úr Ólafs sögu Tryggvasonar eftir Gunnlaug Leifsson munk á Þingeyrum sem hann ritaði um 1200. Þaðan hefur hún verið tekin upp í frumgerð Kristni sögu og miklu síðar verið skrifuð upp, hugsanlega lítið breytt, í Ólafs sögu Tryggvasonar hinni mestu. Kirkjubyggingar Þorvarðs er getið í öllum hinum íslensku miðaldaannálum sem geta atburða á 10. öld og bendir það til að sá atburður hafi snemma komist í hámaði meðal sagnaritara. Hvaða fótur er raunverlega fyrir þessari sögn er hinsvegar ómögulegt að segja.

Sagan um kirkjubyggingu Þorvarðs Spak-Böðvarssonar á Ási er heimild um það að á 13. öld hafi þar staðið kirkja sem menn hafa vitað að var gömul, eldri en aðrar kirkjur. Kirkjunni í Ási hefur fylgt sú sögn að hún hafi verið byggð af sveitarhöfðingja mörgum árum áður en kristni var lögtekin. Vera má að kirkjan hafi verið felld eða hún endurbyggð um 1240 en ekki er það þó fullvist.

Sögnin um kirkju Þorvarðar hefur lifað á Neðra Ási löngu eftir að kirkjan var fallin og komið fjárhús í hennar stað. Fram á þessa öld var til á Neðra Ási fjöl sem á var rist ör og fylgdi henni sú sögn að hún hefði verið í kirkju Þorvarðar, örín til minningar um kraftaverkið er guð barg kirkju sinni frá heiðnum brennuvörgum.

### *Jörðin Neðri Ás*

Í frásögnum miðaldarita af kirkjubyggingu Þorvarðar Spak-Böðvarssonar er aðeins talað um eina jörð, Ás, en á seinni öldum, a.m.k. frá 14. öld, hafa jarðirnar verið tvær, Efri Ás og Neðri Ás.

Í Landnámabók segir frá Öndótti sem þáði land af Sleitu-Birni landnámsmanni um neðanverðan Hjaltadal og bjó í Viðvík. Sonur Öndóttar var Spak-Böðvar og átti

hann dóttur Sleitu-Bjarnar.<sup>17</sup> Ekki kemur fram hvar Spak-Böðvar bjó, en í ýmsum heimildum eru honum eignaðir þrír synir. Þorvalds þáttur er eina heimildin um Þórð og þátturinn og Kristni saga eru eina heimildin um Þorvarð og að hann hafi verið höfðingi og búið á Ási. Fleiri heimildir geta Arngeirs Spak-Böðvarssonar, sem er í hlutverki hins heiðna spellvirkja í sögunni um kirkju Þorvarðs. Ekki er vitað hvar Arngeir bjó en hann var ættfaðir Ásbirninga, afi Ásbjarnar Arnórssonar sem ættin er kennd við.<sup>18</sup> Arngeir átti annan son sem hét Þórir og var forfaðir Guðmundar Arasonar biskups.<sup>19</sup> Ef sagan er fyrst rituð um 1200 má geta þess til að þar hafi haldið á penna óvildarmaður Ásbirninga, og má raunar vera að þáttur Arngeirs sé þar seinni vibót, eða a.m.k. stórlega ýktur, því í Þorvalds þætti er honum skotið inn klúðurslega eins og upphaflega hafi það verið Klaufi sem reyndi að tendra bálið.

Samkvæmt Landnámabók voru landnámsbær í nágrenni Áss, fyrst Sleitubjarnarstaðir, þá Viðvík og loks Hof í Hjaltadal. Ekkert er sérstaklega ólíklegt við þessar sagnir þó vitanlega yrði erfitt að staðfesta þær. Hafi Sleitubjarnarstaðir byggst fyrst og síðan Viðvík þá hefur tungan á milli Hjaltadalsár og Kolbeinsdalsár verið eftir sem hæfileg bújörð fyrir göfugan mann af annari eða þriðju kynslóð og þar hefur fyrsti bóndinn á Ási reist sér bú, sunnan undir ásnum, gegnt Viðvík.

Hvergi er getið um Ás í skjölum fyrr en 1388 að jarðirnar Efri Ás og Neðri Ás eru taldar meðal jarða Hólstóls í ráðsmannsreikningi.<sup>20</sup> Jarðanna er beggja getið í öllum jarðaskrám Hólakirkju sem prentaðar hafa verið frá 15. og 16. öld, og sést af þeim að Neðri Ás hefur ávalt verið stærri jörðin, allt að tvöfalt stærri ef miðað er við landskuldarhæð.<sup>21</sup> Í jarðaskrá frá 1695 er Neðri Ás talin 80 hundruð að dýrleika en Efri Ás 40 hundruð,<sup>22</sup> en í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er dýrleikinn talinn óviss þar sem um kirkjugarðir var að ræða sem ekki var greitt tíundargjald af.<sup>23</sup> Í jarðabók frá 1802 er Neðri Ás talin 60 hundruð að dýrleika en 40 hundruð um 1840.<sup>24</sup> Ef jarðamatið frá 1695 er upprunalegast og Efri og Neðri Ás hafa verið samanlagt 120 hundruð þá hefur jörðin verið í flokki helstu stórbýla landsins. 80 hundraða jörð er einnig, ein og sér, stórbýli, og voru ekki aðrar jarðir stærri eða jafnstórar í sýslunni 1695 en Hof á Höfðaströnd, Ósland í Óslandshlíð, Viðvík,

<sup>17</sup> ÍF I, 237.

<sup>18</sup> Sturl, 51.

<sup>19</sup> Sturl, 102.

<sup>20</sup> DI III, 410.

<sup>21</sup> DI V, 37, 43, DI XI, 859, DI XV, 222, 456, BG, 155, 179, 264

<sup>22</sup> *Old Icelandic Land Registers*, 258.

<sup>23</sup> JÁM IX, 220-221.

<sup>24</sup> JJ, 267; SSSK, 126.

Frostastaðir, Flugumýri, Stóru Akrar, Sólheimar, Silfrastaðir, Lýtingsstaðir, Víðimýri, Vík og Sjávarborg.<sup>25</sup>

Það getur því ekki leikið vafi á að Ás hefur verið stórbýli, einkum og sérflagi áður en jörðinni var skipt í tvennt. Þar hefur því vel getað búið höfðingi á seinni hluta 10. aldar, sem hefði haft efnahagslegar forsendur til að keppa við nágranna sína á Sleitubjarnarstöðum, í Viðvík, á Hólum eða Hofi um völd og áhrif í héraðinu. Ef kirkja hefur verið reist á Ási fyrr en öðrum bæjum í héraðinu, hvort sem það hefur verið fyrir kristnitöku eða eftir, þá hefur sú framkvæmd haft pólitískra merkingu, a.m.k. öðrum þræði. Slík bygging hefur sýnt frumkvæði kirkjueigandans og stutt tilkall hans til áhrifa í héraðinu.<sup>26</sup> Meira en það verður ekki sagt út frá þeim heimildum sem tiltækar eru. Við vitum aðeins að nágrannar Ásbóndans höfðu betur og á 12. öld höfðu sóknarkirkjur risið í Viðvík og Miklabæ í Óslandshlíð, en auk þeirra voru smákirkjur og bænhús á Bakka í Viðvíkursveit, Kálfsstöðum í Hjaltadal, Sleitubjarnarstöðum, Marbæli og Óslandi í Óslandshlíð. Allar þessar kirkjur höfðu þegar í byrjun 12. aldar fallið í skuggann af dómkirkjunni á Hólum, en stofnun biskupsstóls þar hefur án efa raskað mjög valdakerfi héraðsins.


Ás hefur síðan einhvernveginn lent undir Hólakirkju og á 14. öld eru jarðirnar orðnar tvær. Eins og mismunandi dýrleiki jarðanna ber með sér er Efri Ás örugglega yngra býli og hefur verið klofið úr landi eldra býlisins. Það sést einnig af því að Neðri Ás er mun landmeiri og fylgir henni land á Kolbeinsdal ofan við land Efra Áss.

Lítið er vitað um ábúendur á Neðra Ási og væri það þó rannsóknarefni því jörðin hefur verið með þeim bestu í eigu stólsins og auk þess örskammt frá Hólum. Þar hafa tæplega búið fátækir leiguliðar heldur hefur Neðri Ás verið eitt þeirra búa sem forráðamenn stólsins gátu látið undir gæðinga sína eða ættmenni.

Fyrir utan Efra Ás hafa nokkur afbýli verið í landi Áss en ekkert þeirra virðist þó hafa verið í byggð lengi. Á seinni hluta 17. aldar voru tvö kot í byggð í landi Neðra Áss. Hurðarbak fór í eyði um 1690, en sá bær stóð Kolbeinsdalsmegin við ásinn og sjást þar enn tóftaleifar og miklir garðar. Áskot fór í eyði vorið 1709 en byggðist á ný og var búið þar öðru hvoru til um 1880. Tóftir Áskots eru norðan við Neðra Ás, þar sem nú eru sumarbústaðir. Í eyðibýlaskrá Ólafs Olaviusar er getið um

<sup>25</sup> Fyrir utan kirkjulénin sem ekki voru metin til dýrleika, *Old Icelandic Land Registers*, 245-264.

<sup>26</sup> Um fyrstu kirkjubyggingar á Íslandi og ástæður þeirra sjá: Orri Vésteinsson, *The Christianisation of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000-1300*, [þútg. Ph.D. ritg.] Lundúnaháskóli 1996.



Kort 1. Neðri Ás og náginnajarðir. Landamerki Neðra Áss eru sýnd með brotalínu. Teikning: Orri Vésteinsson.

tvö eyðibýli frá Ási, bæði nafnlaus og á annað þeirra að hafa verið í Kolbeinsdal.<sup>27</sup>


Sennilegt er að það sé Hurðarbak en hitt gæti verið Kringlugerði, sem í sóknarlýsingu frá 1843 er nefnd sem eyðihjáleiga sem lengi hefði verið óbyggð.<sup>28</sup> Tóftir Kringlugerðis er enn sýnilegar, sunnan við bæinn, fast við merki á móti Efra Ási. Í raun er alveg óvist hvort nokkurntíma haf verið búið í Kringlu eða Kringlugerði og gæti sú ályktun hafa verið dregin af nafninu og garðleifum sem þar eru. Þá heitir Hvammkot beint neðan við Neðra Ásbæ og er þar enn lítil bæjartóft, rétt sunnan við afleggjarann heim að bænum.

<sup>27</sup> ÓO I, 317.

<sup>28</sup> SSSK, 126-27.

## *Staðhættir*

Bærinn á Neðra Ási stendur nokkuð hátt uppi í brekkunni ofan við Hjaltadalsá, í um 120 m hæð yfir sjávarmáli. Gamlá túnið er í brekku og stóð bærinn ofarlega í því miðju. Fjárhúsið, sem kallað var “Bænhús” var enn ofar, í túnjaðrinum um 50 metra austan við bæjarhólinn. Núverandi bæjarhús stendur neðan við gamla bæjarhólinn og er garður ræktaður upp á hólinn að neðanverðu. Ofan á honum er hesthús, timburgrind með járnklæðningu, en undan því sjást eldri hleðslur sem eru leifar síðasta torfbæjarins á Neðra Ási. “Bænhúsið” stóð efst í túninu rétt neðan við mikinn túngarð sem enn má rekja fyrir endilangri austurhlið gamla túnsins og niður með því bæði að norðan og sunnan. Í suðausturhorni er stór fjárhústóft en norðan við “Bænhúsið” er aflöng útihústóft ofan við túngarðinn þar sem hann beygir til austurs á



Teikning 1. Hæðalíkan af Bænhústóft og kirkjugarði fyrir uppgröft. Finnur Pálsson gerði myndina eftir mælingum Fornleifastofnunar Íslands.


kafla, ofan við lækjardrag sem liggur ofan túnið norðan við bæjarhólinn. Niðri í þessu dragi er kúlumyndaður hóll sem mun vera forn öskuhaugur. Fleiri útihús voru í túninu en þau eru nú horfin undir tún eða byggingar.

Áður en uppgröftur hófst sumarið 1998 var fjárhústóftin sem kölluð hefur verið "Bænhús" og hinn bogadregni garður í kringum hana mæld upp nákvæmlega. "Bænhúsið" er fjárhús með sambyggðri hlöðu aftanvið. Alls var byggingin 16,5 m á lengd og 12 m á breidd en fjárhúsið var 12 x 7,5 m og hlaðan 12 x 7 m (utanmál), en hún snéri þvert á fjárhúsendann. Þvermál garðsins sem liggur í boga utan um "Bænhúsið" er 37 m upp við túngarðinn en 25 m frá túngarðinum þangað sem garðurinn hefur gengið lengst í suðvestur. Heildarflatarmál garðsins er um 600 m<sup>2</sup>. Í kverkinni milli túngarðs og bogadregna garðsins norðanmeginn er ógreinileg, tvíhólfatóft. Gróðurfar í kringum fjárhústóftina skiptist um túngarðinn. Austan og ofan við er gróinn melur sem mun hafa verið alveg ber fyrr á þessari öld. Vestan og neðan við er ræktarmikið tún sem ekki er lengur slegið en nytjað til beitar. Talsverður halli er innan garðsins og er hann mun hærri norðan við fjárhústóftina en sunnan.

### *Mannvistarleifar frá 10. og 11. öld*

Sumarið 1998 var aðeins grafið niður að yngstu leifum kirkjunnar á Neðra Ási en þær eru yngri en gjóskulag frá 1104. Vestan við kirkjurústina hafði verið grafinn skurður fyrir vatnslögn inn í fjárhúsið og sést í honum móöskulag um 5 sm undir H-1104 gjóskunni. Moldarlagið á milli móöskunnar og gjóskulagsins virðist lítið eða ekkert hreyft og gæti bent til að alllangur tími hafi liðið á milli þess sem móaskan hlóðst upp og gjóskulagið féll. Sambærilegt öskulag sést undir óhreyfðri mold sem er undir H-1104 í norðurenda rannsóknarskurðar sem grafinn var 1997. Afstaða móöskulaganna á þessum tveimur stöðum með rúmlega 6 m millibili er þannig að líklegt verður að telja að þau séu frá sama tíma, sennilega frá 10. öld. Að svo komnu máli verður lítið um þessa móösku sagt annað en að hún er sennilega mun eldri en kirkjubygging og líkagröftur á þessum stað og er til vitnis um að þar hafi menn verið á ferli löngu áður en kirkjan var byggð.

Kirkjugarðurinn liggur í boga í kringum kirkjutóftina en myndar aðeins hálfhring því ekkert framhald sést austan við túngarðinn. Til að ganga úr skugga um hvort kirkjugarðurinn hefði upphaflega verið hringlaga, og þar með náð austurfyrir



Teikning 2. Snið af mótaum túngarðs og kirkjugarðs. 1. óhreyfð mold. 2. túngarður (margendurbyggður). 3. kirkjugarðsveggur. 4. ljósbrún fok- og gróðurmold með tofusneplum. 5. niðurgröftur. 6. dökkbrún gróðurmold/grasrót. s = steinn. g = gjóska. Horft í norður. Teikning: Orri Vésteinsson.

túngarðinn, voru grafnir tveir skurðir í kverkinni milli túngarðs og kirkjugarðs norðanmeginn. Horn skurðanna lágu saman og var annar utan við túngarðinn en hinn innanvið. Ekkert framhald er á kirkjugarðinum austan við túngarðinn en í skurðinum innan við hann sást greinilega að kirkjugarðurinn hefur verið hlaðinn upp að túngarðinum. Með öðrum orðum þá er túngarðurinn eldri en kirkjugarðurinn. Í skurði sem grafinn var í gegnum kirkjugarðinn sunnan við kirkjuna sumarið 1997 sást að H-1104 gjóskan lá upp að garðinum og hefur kirkjugarðurinn því verið byggður áður en það lag féll. Gjóskan sást ekki í skurðinum í norðurhorninu en sá staður stendur mun hærra og er þess því ekki að vænta að gjóska hafi festst þar. Torfið í kirkjugarðinum í norðurskurðinum er sömu tegundar og sást í skurðinum sunnan við 1997 og er einsætt að um sama mannvirki er að ræða og að garðurinn hafi allur verið hlaðinn fyrir 1104. Þessi niðurstaða er allmerkileg því ekki aðeins er kirkjugarðurinn með þeim elstu sem þekkjast á Íslandi og bæði óvenjulega stór og óvenjulegur í laginu, heldur er túngarður þessi einn sá elsti sem tímasettur hefur verið á Íslandi. Í skurðinum sást að túngarðurinn hefur verið endurhlaðinn oftar en einu sinni frá því að hann var fyrst byggður á 10. eða 11. öld og og af túnakorti má sjá að hann gegndi enn


hlutverki sínu 1917. Túngarður þessi er því vitni um hinn mikla stöðugleika sem var í byggð og búskaparháttum á Íslandi frá landnámstíð og fram á þessa öld.

Í kverkinni milli túngarðs og kirkjugarðs er eins og móti á yfirborði fyrir tvíhólfu tóft. Í skurðinum sem tekinn var innan í garðinum sást að skorið hefur verið í kirkjugarðsvegginn einhverntíma eftir að hann var hlaðinn en ekki fundust gólfskánir eða önnur ummerki sem varpað gætu ljósi á hlutverk eða aldur þessarar byggingar.

### *Kirkjugarður*

Í suðurenda á skurði þeim sem grafinn var í gegnum “Bænhúsið” 1997 komu í ljós grafir og var a.m.k. ein þeirra greinilega tekin áður en gjóskan H-1104 féll. Grafið var upp úr skurðendanum aftur og ofan af allri gröfinni sem hafði verið opnuð 1997. Beinagrindin var nú öll grafin fram og fjarlægð. Hún hafði verið í trékistu en utan með henni hafði verið raðað hnelfastóru grjóti með óreglulegu millibili. Beinagrindin er af miðaldra konu sem lá á bakinu með hendur niður með síðum. Í sama skurði sáust greinilega fjórar aðrar grafir sem allar hafa verið teknar áður en H-1104 gjóskan féll. Þær voru ekki opnaðar við uppgröftinn 1998. Alls hafa því sést sex grafir á þessu svæði, en ein af þeim sem sást 1997 var ekki grafin fram 1998 og önnur er nú talin óviss. Gröfin sem opnuð var, var skorin af annari til fóta en annars voru grafirnar á þessu svæði með nokkuð jöfnu millibili en það er yfirleitt talið til marks um að grafreitur hafi ekki verið notaður mjög lengi. Ein gröfin, sú syðsta, var með greinilegum kistuleifum.

Fleiri grafir komu í ljós á nýjum svæðum sem rannsókuð voru við uppgröftinn. Eftir að kirkjan lagðist af hafði verið grafin ferhyrnd regluleg hola ofan í austurhluta suðurveggjar og í botni hennar sáust merki um fjórar grafir. Ein þeirra hefur verið rétt utan við torfvegg kirkjunnar en þrjár hafa verið undir honum, þar af ein sem hefur verið tekin þétt upp við timburþil kirkjunnar og fer jafnvel undir það. Gjóskulagið H-1104 hafði verið grafið burt á þessu svæði þannig að ekki verður fullyrt um aldur þessara grafa en þær eru í svipaðri hæð og hinarr sem áður er getið og auk þess greinilega eldri en hlutar af kirkjubyggingunni og má því telja líklegt að þær séu frá 11. öld. Austan við kirkjugaflinn hafði hlöðugólf frá 19. öld verið grafið niður og öll merki um H-1104 gjóskuna fjarlægð en auk þess höfðu djúpar holur verið grafnar í hlöðugólf, að því er virðist til að pükka undir stoðarsteina. Í syðstu og dýpstu



Teikning 3. Grafir í kringum kirkjutóft á Neðra Ási. Óvissar grafir eru sýndar með spurningamerki.  
Teikning: Orri Vésteinsson.

holunni af þessu tagi sáust merki um tvær grafir. Báðar voru með kistuleifum en allmikill hæðarmunur var á þeim, þannig að botninn á annari var um 30 sm ofar en efsti hluti hinnar. Í holunni sást í austurendann á neðri gröfinni en austan við hana var hrúga af mannabeinum, m.a. tennur sem tekna voru til handargagns, sem gæti bent til að þessi neðri gröf hafi raskað enn eldri gröf. Sex aðrar grafir sáust undir hlöðugólfínu við austurgafl kirkjunnar. Vesturgaflar tveggja þeirra nema við steinaröðina í austurgafli kirkjunnar sem bendir til að þær geti verið samtíða honum. Í einni af þessum gröfum var áberandi dökkleit rák meðfram brún grafarinnar sem sennilega er torf sem lagt hefur verið upp á rönd í hliðum grafarinnar.

Fast við norðausturhorn kirkjunnar sáust tvær grafir til. Þær voru heldur hærri en hinarr sem sunnar eru og gæti það stafað bæði af því að landinu hefur ávallt hallað til suðurs og suðvesturs á þessum stað en einnig að seinni framkvæmdir hafa ekki grafið jafndjúpt á þessum stað og inni í sjálfrí hlöðunni. Önnur gröfin sást aðeins sem regluleg skurður sem skar hina sem hafði verið með timburkistu og virðist beinum í henni hafa verið rutt til er yngri gröfin var tekin. Þau bein sem sást í voru tekin til handargagns.

Meðfram norðurhlíð kirkjunnar voru tvær grafir og voru þær einnig mun hærri en grafirnar sunnanvið.

Þær grafir sem hér hefur verið getið komu allar í ljós við uppgröft á mannvirkjaleifum. Tvö svæði til viðbótar voru opnuð sérstaklega til að leita ummerkja um grafir. Ljóst var að grafir eru nokkuð þétt sunnan við kirkjuna, en þar er skurðurinn frá 1984 með tveimur gröfum um 6 m frá kirkjunni. Til að athuga hvort jafnþétt væri grafið í öllum garðinum var opnað svæði við norðvesturhorn kirkjunnar og fundust þar engar grafir. Norðan við kirkjuna er þykkur jarðvegsbunki sem er skriða sem ekki hefði verið auðvelt að grafa í, a.m.k. ekki jafnauðvelt og í mjúka moldina sem er sunnan við kirkjuna. Annað svæði var opnað við suðausturhorn kirkjunnar. Þar komu í ljós ummerki um a.m.k. sex grafir og tvær mögulegar til viðbótar. H-1104 gjóskan lá jafnfallin yfir öllum gröfunum nema þeirri austustu en gjóskan þynntist út til austurs og má vera að sú gröf sé einnig eldri en gosið. Mannabein kom í ljós er verið var að hreinsa ofan af vestustu gröfinni á þessu svæði og bendir það til að þar hafi eldri gröf verið raskað.

Ein gröf sást vestast í kirkjugarðinum, um 3 m VSV af suðvesturhorni kirkjunnar en ekki var gerð leit að gröfum á svæðinu framan við kirkjuna enda eru þar


eldri byggingaleifar sem eftir á að rannsaka. Skammt austan við þessa gröf var litabreyting sem getur bent til að þar sé önnur gröf.

Alls hefur komið í ljós 31 gröf í kirkjugarðinum á Neðra Ási ef með eru taldar þær sem fundust 1984 og 1997. Þar við má bæta a.m.k. fjórum gröfum sem ekki er full vissa fyrir. Ljóst er að mun fleiri grafir eru í garðinum, einkum í suðurhluta hans. Ekki er mjög þétt grafið í garðinum en þó eru á nokkrum stöðum vísbendingar um að yngri grafir hafi skemmt eldri og má af því ráða að garðurinn hafi verið í notkun um nokkra hríð. Nálega allsstaðar þar sem H-1104 gjóskan hafði ekki verið fjarlægð vegna seinni framkvæmda voru grafirnar undir henni, eða alls 11 grafir. Þrjár grafir voru undir torfveggnum fyrir suðurhlið kirkjunnar og bendir það til þess að torfveggurinn sé ekki upphaflegur hluti af kirkjunni heldur hafi honum verið bætt við á einhverjum seinni steigum málsins. Tvær grafir nema við steinaröð í brún torfveggjar á austurhlið og gæti það bent til að þær grafir séu samtíða torfveggnum. Engar grafir sáust inni í kirkjunni og var þó allvíða komið niður á óhreyfða mold þar. Þó ekki sé hægt að fullyrða það fyrr en eftir fullnaðarrannsókn virðist því sem engin grafanna sé eldri en elsta kirkjan, þ.e.a.s. kirkjan hefur verið reist áður en byrjað var að greftra í garðinum.

Þó aðeins ein gröf hafi verið rannsokuð til fullnustu sáust merki um grafarumbúnað í allmörgum gröfum. Trékistur hafa verið í flestum gröfum á Neðra Ási og einnig eru merki um að torf hafi verið lagt í hlið einnar og grjót meðfram kistu í annari. Í öðrum kirkjugörðum sem grafnir hafa verið upp frá 11. öld á Íslandi, á Stöng og Skeljastöðum í Þjórsárdal, er einnig algengt að kistur séu í gröfum, a.m.k. í fullorðinsgröfum, og má af þessu ráða að það hafi verið alsiða á Íslandi á 11. öld að grafa í kistum en síðar lagðist sá síður af og var ekki tekinn upp á ný fyrr en á 17. öld.

### *Kirkjan*

Eftir að byggingarleifar frá seinni oldum höfðu verið fjarlægðar komu í ljós leifar af kirkju. Byggingaleifarnar voru mjög mikið skemmdar af síðari framkvæmdum, hluti af suðurvegg og miðhluti gólfssins höfðu verið fjarlægð er staðurinn var notaður til járnvinnslu og innri brúnir torfveggja í norðausturhorni og gólfid í austasta stafgólfinu, kórnum, hafði verið fjarlægt er fjárhús var byggt á staðnum á 18. öld.



Teikning 4. Leifar síðustu kirkjunnar á Neðra Ási. Brotalínan sýnir áætluð mörk torfveggjanna.

Austurgaflinn hafði verið endurnýttur sem undirstaða undir skilvegg milli fjárhúss og hlöðu á 19. öld og raskast nokkuð vegna þess, einkum ytri brún á norðurhluta veggjarins sem var inni í hlöðunni. Af þessum sökum var ekki annað eftir af kirkjunni en undirstöður torfveggja að norðan og sunnan, einkum vestanmegin í húsinu, og hluti af undirstöðu torfveggjar í austurgaflí (sunnatil). A.m.k. þrjár stoðarholur fundust, tvær í sitthvoru horni á vesturgaflí og ein við norðurhlíð. Á miðum vesturgaflí voru auk þess tvær minni holur sem hafa verið undir dyrastöfum. Austast í suðurhlíð var röð af brunnum þiljum sem stóðu upp á endann, felldar í stokk að neðan. Meðfram veggjunum að innanverðu voru sótrákir og timburleifar sem voru svo gersamlega brunnar að ekkert form sást á þeim lengur. Þessar leifar voru einkum áberandi meðfram suðurvegg, vesturgaflí og vestari helming norðurveggjar. 30-40 sm

innan við vesturgaflinn var um 1,3 m langt borð og viðarleifar sáust í framhaldi af því til norðurs við uppgröftinn 1997, alls um 2,4 m. Á móts við stoðarholuna við norðurvegg var 30-40 sm brún sunnanmegin, þannig að kirkjugólfíð austan við þá línu hefur verið talsvert hærra en vestanvið. Kolaðar viðarleifar fundust við þessa brún á um 1 m löngum kafla. Þessi pallur svarar til um þriðjungs af lengd hússins en upphaflegt yfirborð hans hefur verið gersamlega fjarlægt af fjárhúsbyggingunum. Viðarleifarnar benda til að pallurinn hafi verið timburklæddur.

Engin merki sáust um útskot á austurgafli sem túlka mætti sem kór. Húsið hefur verið ferningslag en gólfíð í austasta þriðjunginum hefur verið a.m.k. 40 sm hærra og timburklætt að auki og er einsætt að þar hafi kórinn verið. Rökin fyrir því að álita að hús þetta hafi verið kirkja eru þau að: grafir eru þétt upp við það og eru greinilega frá sama tímabili, stefnan á húsinu er sú sama og á gröfunum, nálægt því að vera austur-vestur, þó nær SSV-NNA, og húsið hefur timburbygging, en erfitt er að ímynda sér annað hlutverk fyrir slíka byggingu af þessari stærð og á þessum stað.

Kirkja þessi hefur verið 3,5 m á breidd og 5,65 m á lengd að innanmáli. 3,5 m eru á milli stoðarholu í norðvesturhorni og stoðarholu í norðurhlíð sem hefur verið við mörk kórs og framkirkju. Kórinn er því um helmingi styttri en framkirkjan og má geta þess til að kirkjan hafi verið í þremur stafgólfum, tvö í framkirkju og eitt í kór. Þar sem engar stoðarholur fundust fyrir miðjum hliðum framkirkju er þó ekki hægt að útiloka að aðeins hafi verið eitt stafgólf í framkirkjunni, tvöfalt lengra en í kórnum, en ekki getur það talist líklegt. Tvær litlar stoðarholur eru fyrir miðjum vesturgafli, báðar um 1,65 m frá hornstöfum og eru 70 sm á milli þeirra. Þessar holur eru 15-20 sm í þvermál en hornstafaholurnar eru 20-30 sm í þvermál og hefur smásteinum verið raðað í kringum stoðirnar í öllum holunum nema þeirri við norðurvegginn. Rák eftir brunnið timbur var innan í þeirri holu sem er 14-20 sm í þvermál og 12 sm djúp. Hornstafaholurnar eru báðar rúmlega 20 sm djúpar en dyrastafaholurnar 7 og 8 sm djúpar miðað við svipað yfirborð.

Timburleifarnar gefa hugmynd um hvernig kirkjan hefur verið byggð upp. Um 20 sm sverir stafir hafa verið í hornum hússins og sennilega einnig tveir heldur mjórri í hvorri hlið þannig að hvert stafgólf hefur verið um 1,8 m langt. Stafirnir hafa verið grafnir dýpra en stokkarnir sem lágu á milli þeirra og þilin voru felld í. Þilin fimm sem varðveisit hafa eru 12-18 sm breið og 1,5-2,7 sm þykk. Mold hafði safnast upp að þiljunum og fært stokkinn á kaf. Hann hefur verið orðinn grautfúinn og síðan kolast við brunann og er því erfitt að segja hvernig frágangurinn hefur verið

nákvæmlega. Leifar stokksins voru fyrst og fremst utanmeð þiljunum og hvíldu bæði hann og þilendarnir á litlum flötum steinum. Það er því ekki óhugsandi að stokkurinn hafi ekki verið annað en þverborð til að halda þiljunum saman að neðan, og mætti þá ímynda sér að það hefði verið fellt inn í stafina. Timburleifarnar eru hinsvegar svo lítilfjörlegar og illa farnar að ekki er hægt að útiloka að um venjulegan aurstokk hafi verið að ræða, sem þiljurnar hafa verið felldar ofaní.

Um gólf kirkjunnar verður lítið sagt annað en að kórinn virðist hafa verið timburklædd upphækkun. Hafi verið trégólf í kirkjunni allri þá hefur það verið fjarlægt áður en hún brann því annars hefði mátt vænta sót og kolaleifa um allt gólfíð. Ekki fundust heldur leifar af hellugólf eða harðtroðnu moldargólf. Harðtroðið moldargólf ætti ekki að hafa gufað upp fyrst að viðkvæmar viðar- og sótleifar varðveittust og er einfaldasta skýringin sú að hellugólf hafi verið í forkirkjuni og hellurnar verið fjarlægðar til notkunar annarsstaðar eftir að kirkjan brann.

Utan um timburbygginguna eru veggir úr torfi og grjóti. Þeir eru víðast um 1,5 m þykkir og hafa verið hlaðnir úr hnau sum en grjót hefur verið í brúnum veggjana að neðanverðu. H-1104 gjóskan er í torfinu í öllum veggjaleifunum. Brunamerki eru á torfinu að utanverðu en að innan er það óbrunnið. Suðurveggurinn er ívið breiðari en norðurveggurinn og eru í honum mjög stórir steinar að utanverðu. Sambærilegir steinar voru innan í gryfju þeirri sem seinna var gerð í austurhluta sama veggjar og virðist sem grjótið í kirkjuvegnum hafi verið tekið og því snúið við þannig að útbrúnir snéru inn í gryfjuna.

Bygging sú sem hér hefur verið lýst hefur brunnið og ekki verið endurreist. Það sést bæði af eldsmerktu torfi og brunnum viðarleifum meðfram veggjum.

Ýmsar vísbindingar komu í ljós um að þessi bygging sé ekki hin elsta kirkja á Neðra Ási. Eins og áður hefur verið getið fundust grafir undir torfvegnum fyrir suðurhlið kirkjunnar og virðast þær taka mið af timburþilinu. Með öðrum orðum er torfveggurinn síðar tilkominn en timburbyggingin. Það að engar grafir hafa fundist inni í kirkjunni eða undir tréveggjum bendir til að kirkjan hafi verið reist áður en byrjað var að greftra í kringum hana. Þar sem allar þær grafir sem hægt var að tímasetja útfrá gjóskulögum eru eldri en 1104 má því ætla að elsta kirkjan sé einnig eldri en það lag. H-1104 gjóskan er hinsvegar í torfi því sem brann í veggjum kirkjunnar og hafa þær hleðslur því verið gerðar eftir að lagið féll. Það þýðir ekki endilega að torf- og grjótveggjunum hafi verið bætt við eftir 1104 því ummerki eru um viðgerðir og breytingar á þeim. Ekkert var fjarlægt af veggjaleifum við



Teikning 5. Mögulegar leifar eldri kirkna á Neðra Ási. Teikning: Orri Vésteinsson.

uppgröftinn 1998 en 1997 hafði skurður verið tekinn í gegnum veggina og sést í suðurvegnum tvöföld steinaröð inni í eða undir torfvegnum sem hefur sömu stefnu og hann. Þessi steinaröð gæti verið leifar af eldri grjótvegg þó ekki verði að svo stöddu útilokað að hún geti verið undirstaða undir tréþil. Ef svo er þá hefur húsið á einhverju stigi málsins verið breiðara en síðar varð.

Áður hefur verið getið leifa af tréstokki sem liggur með sömu stefnu og vesturgaflinn en 30-40 sm innar. Erfitt er að skýra hvaða hlutverki slíkur stokkur hefði átt að gegna og má vera að hann sé leifar eldra byggingartigs en holurnar. Önnur hugmynd er að hann og viðarrák, sem sást í skurðum 1997 og liggur með suðurvegg en um 20 sm innar en lína milli stoðarholu og þil-leifanna austast, séu leifar af setum sem hafi verið meðfram veggjum kirkjunnar að innan, og hefur það set þá verið fyrir dyrunum líka.

Ýmislegt fleira er þó gruggugt við vesturgaflinn því dyrastafaholurnar tvær eru ekki í beinni línu við hornstafaholurnar, heldur 5-10 sm innar, og utan við línum milli hornstafaholanna er regluleg þreföld steinaröð norðanmegin, þar sem tvær steinaraðir ligga ofan á einni með um 15 sm millibili og mynda þannig reglulega rás. Þessi



umbúnaður gæti helst hafa verið undirstaða undir stokk, og hefur hann legið 10-15 sm utan við vesturgaflinn ef miðað er við línu milli hornstafaholanna. Alls má því draga fjórar línum þar sem vesturgaflar gætu hafa verið, en þar sem þetta hefur ekki verið rannsakað til hlýtar verður ekki önnur ályktun af þessu dregin en að líklegt sé að vesturgaflinn hafi verið endurbyggður a.m.k. einu sinni og þá færður til lítillega.

Þrjár holur til viðbótar við þær sem áður var getið fundust inni í kirkjunni. Ein þeirra er um 25 sm ASA við holuna við norðurvegg og er sennilega eldri eða yngri hola undan sömu stoð eða annari stoð á sama stað í húsinu. Hún er ívið minni en hin, 16 sm í þvermál og 12 sm djúp. Hinur holurnar tvær eru undir torfveggjunum, önnur um 75 sm norðaustan við holuna við norðurvegg og hin undir austurgafli miðjum fyrir miðju húsinu. Þær eru af sömu stærðargráðu og hinur 15-20 sm í þvermál en aðeins um 10 sm djúpar. Þessar tvær síðarnefndu holur hljóta að standa í samhengi við kirkjuna sem var áður en torfveggirnir voru reistir og gætu bent til að hún hafi þá verið stærri.

Vestan við vesturgaflinn eru ýmsar leifar sem túlka má sem vísbendingar um að kirkjan hafi upphaflega verið einu stafgólfí lengri. Fyrir framan sjálfan gaflinn er talsvert af smásteinum og nokkrar smáholur, sem ekki mynda regluleg munstur nema steinaröð sem er um 2 m vestar en vesturgaflinn (m.v. hornstafina). Þessi röð er ekki mjög regluleg og hefur lítillega aðra stefnu en kirkjan, meira ASA-VNV en A-V. Skýrari vísbending er steinröð sem liggar undan vesturkampinum á suðurlangvegg kirkjunnar. Hún myndar greinilega útveggjarbrún sem rekja má um 1,3 m vestur fyrir kampinn. Skýrar torfleifar eru í samabandi við þessa steinaröð, eldra torf en í kirkjuveggnum og óbrunnið. Samskonar torfskella er vestan við vesturkamp norðurlangveggjar en þar hefur sambærileg steinaröð ekki komið í ljós. Steinaröðin myndar gleitt horn við óreglulegu steinaröðina sem áður var getið og virðast þær því ekki geta átt saman.

Þar sem rannsókn er ekki lokið er ekki vert að reyna að draga miklar ályktanir af þessum vísbendingum. Samanlagt benda þær þó til að kirkjan á Neðra Ási eigi sér alllanga og flókna byggingarsögu, hún hafi upphaflega verið reist sem frístandandi timburbygging en síðan hafi verið bætt við hana torfveggjum. Hún gæti síðan hafa verið stytt um eitt stafgólf og torfveggirnir endurhlaðnir við það tækifæri. Síðast hefur kirkjan brunnið.

Engar vísbendingar hafa fundist um að kirkjan hafi verið reist fyrir kristnitöku. Gjóskulag frá um 1000 hefur fundist á uppgraftarsvæðinu, norðan við kirkjuna, og



3 sm

Teikning 6. Sylgja úr bronsi sem týnst hefur skömmu eftir að kirkjan á Neðra Ási brann, NÁS98:019.  
Teikning: Ragnar Edvardsson.

gefur það góða von um að takast megi að skera úr um það atriði. Af almennum líkum verður að telja eðlilegra að ætla að kirkjan hafi verið reist á 11. öld. Yngsta torfveggnum hefur verið bætt við einhverntíma eftir 1104 – hugsanlega löngu síðar. Hversu lengi kirkjan hefur staðið er óhægara að segja. Af ritheimildum að dæma hefur hún enn staðið á fyrri hluta 13. aldar og má vel vera að hún hafi staðið lengi eftir það. Eins og skýrt verður hér að neðan virðist járvinnsla hafa hafist í brunarústunum mjög skömmu eftir brunann og hafa dýrabein úr elsta járvinnslulaginu verið send utan til aldursgreiningar með geislakolsaðferð. Sú greining ætti að gefa góða vísbindingu um hvenær kirkjan lagðist af. Í einu af eldri aðallögum járvinnslunnar fannst sylgja úr bronsi. Ekki hefur tekist að finna neinn sambærilegan grip í söfnum hérlandis eða í ritum um slík efni. Það er álit Mjallar Snæsdóttur sem skoðað hefur gripinn að stíleinkenni hans bendi frekar til áhrifa frá


barrokk-stíl en þeim stílum sem tíðkuðust á miðöldum. Þetta bendir til að mögulegt sé að kirkjan hafi ekki brunnið fyrr en á 16. öld.

### *Járnvinnsla*

Eftir að kirkjan brann virðist brunarústin umsvifalaust hafa verið tekin til allt annara nota. Yfir hinum brunnu viðarleifum og sótlögum inni í framkirkjunni og á vesturgafli eru móöskulög og eru hvergi neinskonar fok- eða hrunlög á milli. Meira að segja í rifum milli steina hefur móaskan lagst upp að sótlögunum og má af þessu ráða að ekki hafi meir en nokkrir mánuðir liðið frá því að kirkjan brann og þar til farið var að nota brunatóftina til annars. Mögulegt hefði verið að hætt hefði verið að nota kirkjuna áður en hún brann og að bruninn hafi stafað af því að farið var að nota húsið sem smiðju. Þetta er þó ekki líklegt sem sést af því að elsta móöskulagið fyllir líka stoðarholurnar. Með öðrum orðum hafa stafirnir verið brunnir eða teknir burt er móaskan byrjaði að safnast fyrir.

Elsta móöskulagið var allt að 8 sm þykkt og hafði greinilega safnast upp á alllöngum tíma því það var sett saman úr mörgum mislitum linsum. Það náði yfir alla forkirkjuna og allt að 1,7 m vestur fyrir gaflinn, en í kórnum hafði það verið grafið burt við seinni byggingar. Neðst í þessu lagi voru torfusneplar sem sennilega eru komnir úr veggjum kirkjunnar. Yfir þessu lagi norðavestantil var annað miklu einsleitara lag úr bleikri móösku allt að 10 sm þykkt. Í því var tölувert af viðarkolabútum og möl, auk sylgjunnar áðurnefndu, en í hvorugu þessara neðri laga var neitt járngjall. Eftir að bæði þessi lög höfðu hlaðist upp var grafin hola í gólfinitu í skjóli af norðurvegg kirkjunnar sem þá hefur eflaust staðið hærra og náð lengra til suðurs en hann gerir nú. Holan var 21 sm djúp og 68x55 sm stór. Úr suðurhlið hennar lá um 54 sm löng, 18 sm breið og 8 sm djúp rás til vesturs. Í botni holunnar og rásarinnar var 25-30 sm þykkt lag af viðarkolum blandað mold og neðst í því voru leifar af óbrenndu timbri og nokkur lítil brot af bronsþynnunum. Innan á norðurhlið þessarar holu var allstór hella upp á rönd, slétt að ofan. Ofan á viðarkolalaginu var blandlag með mold og möl sem virðist hafa verið sett sem fylling ofan í holuna.

Í kringum holuna, innan í framkirkjunni var 4-10 sm þykkt lag af bleikri og gulleitri móösku með miklu af járngjalli og hefur það hlaðist upp eftir að holan var



Teikning 7. Leifar járvinnslu í kirkjutóft á Neðra Ási. 296 er marglitt og lagskipt móöskulag sem hlaðist hefur upp skömmu eftir að kirkjan brann en 285 og 291 eru yngri og einsleitari. Teikning: Orri Vésteinsson.

grafin og sennilega á meðan hún var í notkun. Í þessu lagi fannst blágrýtissteinn sem ekki er sérstakur að öðru leyti en því að á hann hefur bráðnað járn. Samskonar steinn fannst í lagi ásamt með miklu af stórum járngjállsklumpum sem varðveist hafði undir norðurvegg seinni fjárhúsa. Þetta lag, og annað sambærilegt undir suðurveggjum seinni fjárhúsa, voru einu leifarnar af þykkum járgjallögum sem legið hafa yfir móöskulögnum sem áður var lýst. Fjárhúsið hefur verið lítið eitt niðurgrafið og því þurft að moka burt efstu lögum sem þá voru á yfirborði. Þau hafa greinilega verið full af járgjalli.

Á suðurvegg kirkjunnar fundust einu ummerkin um byggingar í tengslum við bruna- og smíðaleifarnar sem hlóðust upp eftir að kirkjan brann. Eftir að þykka járgjallagið sem varðveittist undir suðurvegg fjárhússins hlóðst upp hafði fyrst verið grafin stór ferhyrnd gryfja ofan í austurhluta suðurveggjar kirkjunnar. Gryfja þessi

var 3,2 m á lengd frá austri til vesturs og 2,08 m á breidd. Steinum úr ytri brún kirkjuveggjarins hafði verið velt við og þeim raðað innan í brún gryfjunnar sem var um 0,5 m djúp. Ekkert yfirborðslag var í botni gryfjunnar sem gæti gefið vísbendingar um til hvers hún hefði verið notuð. Fyllingin var torfhrunslag blandað móösku og járngegji og hefur gryfjan verið fyllt upp og veggur síðan hlaðinn fyrir suðurhlið járnvinnslusvæðisins. Mjög lítið var eftir af þessum vegg og er ekki hægt að segja hvað hann hefur verið breiður eða hvað hann hefur náð langt til austurs eða vesturs. Gert hafði verið við þennan vegg í tvígang, þannig að stykki var skorið úr honum og hlaðið upp í aftur. Í seinna skiptið hafði grjótið verið hlaðið í vegginn og gert loftgat í gegnum hann. Ekki er loka fyrir skotið að slíkur umbúnaður hafi verið þar áður, hugsanlega einnig meðan gryfjan stóra var í notkun.

Pær leifar sem hér hefur verið lýst eru án vafa eftir umfangsmikla járnvinnslu. Járnið sem bráðnað hefur inn á steinana two er skýr vísbending um að ekki hafa eingöngu verið stundaðar járnsmíðar heldur hefur þar farið fram járnvinnsla, rauðablástur. Hið mikla magn af járngegji og stærð gjallkekkjanna virðist einnig benda í þá átt. Hægt er að greina hvort gjall hefur orðið til við smíði eða blástur og hafa sýni af gjallinu úr ýmsum lögum verið send utan til greiningar, en búist er við að þær staðfesti að um rauðablástursleifar sé að ræða. Er jafnvel mögulegt að þessi staður hafi eingöngu verið notaður til járnvinnslu en smíðar hafi farið fram annarsstaðar.

Næsta lítið er vitað um rauðablástur á Íslandi enda lagðist hann af á 16. öld eða fyrr og ekki til neinar lýsingar á þeim aðferðum sem notaðar voru. Lítlsháttar rannsóknir hafa verið gerðar á rauðablæstri á Íslandi<sup>29</sup> en þær athuganir eru nokkuð komnar til ára sinna og ekki um að ræða neina staði sem grafnir hafa verið upp á viðunandi hátt sem hægt væri að bera leifarnar á Neðra Ási saman við. Þó má geta þess að meintur rauðablástursofn á Belgsá í Fnjóskadal var 35, 45, 45 og 50 sm á hlið og 50 sm djúpur og virðist því hafa verið mjög áþekkur holunni í kirkjugólfinu á Neðra Ási að stærð. Yfirleit hefur verið talið að á Íslandi hafi verið blásið að glóðum ofan frá en rásin að holunni á Neðra Ási virðist benda til að þar hafi verið blásið innan um op neðst á ofnveggnum en slíkt fyrirkomulag var þekkt í Noregi um 1800.

Ekki er annað að sjá en að járnvinnslan á Neðra Ási hafi farið fram undir berum himni og má geta þess til að hin brunna kirkjutóft hafi verið heppileg til slíkra

<sup>29</sup> Sjá einkum Nielsen: 'Jærnudvindingen paa Island i fordums tider.' *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie* 1926: 129-74 og Þorkell Jóhannesson 'Járngerð.' *Iðnsaga Íslands* 2, Reykjavík 1943, 59-73.

nota af því að þar gat myndast súgur sem hægt hefur verið að nýta til að hita í kolunum. Holan sem grafin var ofan í kirkjugólfíð virðist vera leifar af rauðablástursofni og munu steinarnir með járnábræðingnum komnir úr honum. Ofn þessi hefur ekki verið byggður um leið og byrjað var að brenna mó á þessum stað, því tvö móöskulög eru eldri og virðist það eldra af þeim hafa hlaðist upp á löngum tíma. Ekkert járngjall var í þessum lögum og er því alls ekki víst að þau standi í sambandi við járvinnslu. Í ljósi þess sem seinna átt sér stað í kirkjutóftinni virðist þó ólíklegt annað en að móaskan stafi af járvinnslu í grenndinni. Sýni hefur verið sent utan til að leita að sindri úr þessum lögum því hugsast getur að tiltölulega hrein og gjalllaus móaska geti hlaðist upp á einhverju stigi járvinnslunnar.


Það vekur einkum athygli við þessar járvinnsluleifar að sáralítið fannst af viðarkolum og móaska virðist hafa verið aðaleldsneytið við blásturinn. Ekki eru önnur dæmi þekkt um slíkt á Íslandi, enda hefur verið mjög erfitt að ná upp nógu háum og jöfnum hita með því að brenna mó. Dæmi um slíkt eru þó þekkt frá öðru skóglausu landi, Hjaltlandi,<sup>30</sup> og væri spennandi rannsóknarverkefni að komast að því hvernig slík brennsla fór fram.

Gryfjan og vegghleðslan með loftgatinu sunnan við járvinnslusvæðið virðast standa í sambandi við járvinnsluna en ekki er að svo komnu máli hægt að geta til um það hvað hlutverki þessi mannvirki hafa gegnt.

Ef sylgja sú sem fannst í næstneðsta móöskulaginu er frá 16. öld hefur járvinnslan í kirkjutóftinni staðið á þeirri öld eða jafnvel á 17. öld og má því vera að á Neðra Ási hafi fundist ein yngsta rauðablásturssmiðja á Íslandi. Kolefnistímasetning á beini úr einu af neðstu lögnum sem tengjast járvinnslunni ætti að skera úr um þetta með meira óyggjandi hætti.

## Fjárhús

Eftir að hætt var að blása járn í kirkjutóftinni virðist staðurinn liggja ónýttur um nokkurt skeið. Þá hefur safnast þar fyrir 10-15 sm þykkt dökkbrúnt moldarlag með smágrjóti (þ.a.m. eldsprungnum steinum) og dálitlu af móösku og gjalli. Aðskotaefni í moldarlaginu benda ekki til annars en að staðurinn hafi verið flag í grennd við athafnasvæði – en innan við 50 m eru frá kirkjutóftinni að bæjarstæðinu.




Teikning 8. Brot úr flís af kakalofni, NÁS98:004. Teikning: Natascha Mehler.

Þegar jarðabók Árna og Páls var tekin saman fyrir Hólahrepp 1709 er þess getið að þess sjáist enn merki að á Neðra Ási hafi í gamla daga bænhús eða kirkja verið.<sup>31</sup> Þó ekki sé það ótvírætt virðist mega draga þá ályktun af þessu að í byrjun 18. aldar hafi ekki verið nein bygging á kirkjustæðinu en þar sem um slíkt er að ræða er þess yfirleitt getið í jarðabókinni. Seinna á 18. öld, allnokkru fyrir Heklugos sem varð 1777, var svo reist fjárhús ofan í járnvinnsluleifarnar í kirkjutóftinni.

Mjög lítið var eftir af þessu elsta fjárhúsi en það hefur verið mjórra og styttra en yngri fjárhúsbyggingar á staðnum og því höfðu aðeins varðveisit þunnar rendur af ytri brúnum langveggja innan í yngri veggjum. Hús þetta var 4,5 m á breidd að utanmáli og hefur verið a.m.k. 8 m á lengd og hugsanlega mun lengra. Það hefur verið hlaðið úr strengjatorfi eingöngu en í suðurvegg höfðu eldri hleðslur úr grjóti verið notaðar í hið nýja hús. Hús þetta hafði ekki sömu stefnu og kirkjutóftin heldur var það nær því að snúa suðvestur-norðaustur. Á vesturendum veggjaleifanna að norðan og sunnan var sveigja þar sem veggirnir hafa byrjað að beygja saman til að mynda gafl og má því geta til með nokkuð góðri vissu hvar vesturgaflinn hefur verið. Þar hafa væntanlega einnig verið dyr eins og á yngri fjárhúsunum. Hversu langt til austurs húsið hefur náð er ekki hægt að segja með vissu en líklegt má telja að eins og í yngri bygginum hafi austurgafl kirkjunnar myndað undirstöðuna undir þeim vegg. Miðað við að veggirnir hafi verið um 1,5 m þykkir og að austurgafl hafi verið á sama stað og eldri austurgafl kirkjunnar þá hefur þetta hús verið um 8 m að lengd og 4 m á breidd að innanmáli. Gólfloġi í þessu húsi höfðu verið grafin burt við seinni framkvæmdir en lag með birkkvistum hafði þó orðið eftir í grunnri dæld inni í sjálfu

<sup>30</sup> Gerry McDonnell: 'Irons in the Fire – Evidence of Ironworking on Broch Sites.' *Old Scatness Broch, Shetland: Retrospect and Prospect*, R.A. Nicholson & S.J. Dockrill ritstj, Bradford 1998.

<sup>31</sup> JÁM IX, 231.



Teikning 9. Fjárhús á Neðra Ási. Áætluð stærð fjárhúss frá um 1730 er sýnd með skástriðun en grunnur hússins sem rifið var vorið 1998 er sýndur þar ofaná.

húsinu. Kvistirnir gætu hvort heldur sem er verið úr þaki eða gólfí. Utan við þetta hús, einkum vestn og sunnan við það voru allþykk lög með hey- og moðleifum. Þessi lög lögðust upp að veggjaleifum hússins og hafa myndast meðan það var í notkun. Gjóska úr Heklugosi 1766 féll á meðan þessi lög voru að hlaðast upp. Húsið hefur verið byggt allnokkru fyrir þann atburð, á að giska um 1730 og staðið alllengi eftir hann. Hey- og moðleifarnar sem safnast höfðu fyrir utan við húsið sýna að það hefur verið skepnuhús. Að þar hafi verið geymt sauðfé fremur en aðrar skepnur (t.d. hestar eða geldneyti) er ágiskun byggð á notkun seinni úthúsa á staðnum. Á einhverju stigi málsins meðan hús þetta stóð hefur verið grafin óregluleg hola framan við það og hún fyllt af móosku og viðarkolum. Þar í fannst brot af skrautflís af kakkal-ofni, en getið er um slíkan ofn á Hólum á 17. öld og má geta þess til að eftir að ofninn var ónýtur hafi skrautflísarnar áfram verið notaðar til skrauts og ein þeirra endað á Neðra Ási og brotnað þar á seinni hluta 18. aldar. Í holu þessari fannst einnig brot úr hvalbeini og glerbrot. Í efsta hluta moðlagsins, þ.e. þess hluta sem er yngri en 1766, fannst krítarpípubrot.

Einhverntíma á 19. öld, hugsanlega ekki fyrr en á seinni hluta aldarinnar var nýtt fjárhús byggt í stað þess gamla. Þetta nýja fjárhús var mun stærra en 18. aldar húsið en mjög svipað að stærð og gerð og fjárhús það sem stóð enn er uppröftuinn hófst. Það hús mun þó hafa verið endurbyggt frá grunni a.m.k. einu sinni og þá breikkað lítillega en að mestu leyti haldið fyrri stærð og gerð. Fjárhúsið sem byggt var á 19. öld náði um 3 m lengra til vesturs og við austurgaflinn var byggð hlaða sem snér þvert á fjárhúsið. Hlaðan hefur verið mikið niðurgrafin og sömuleiðis fjárhúsgólfíð sem auk þess hefur dýpkað öðru hvoru er stungið var út úr húsunum. Neðstu grjóthleðslur í ytri brúnum veggjanna voru allsstaðar hærri en innri brúnirnar og munaði mestu á austurgafli hlöðunnar en á vesturkömpum fjárhússins voru ytri hleðslurnar jafnháar eða lægri en þær innir enda er landi þar farið að halla mikið til vesturs. Í hlöðunni voru fjórar hellur í miðju gólfínu sem hafa verið undir stoðum en í fjárhúsinu var garði eftir miðju húsinu, grjóthlaðinn að neðan, og hafa þakberandi stoðir verið upp frá honum. Fjárhúsið hefur verið 9 m langt og 3,5 m breitt að innan en hlaðan 6,5 m löng og rúmlega 2 m breið.

Fjárhúsið var notað fram á síðasta fjórðung þessarar aldar og hafði meðal annars verið lögð í það vatnsleiðsla úr plasti. Hlöðuþakið var tekið af fyrir mörgum árum en þakið var enn á fjárhúsinu 1994. Búið var að rífa það er uppröftur hófst 1997.

Fjárhúsleifar frá seinni öldum hafa ekki verið rannsakaðar jafnnákvæmlega áður og er því ekki um auðugan garð að gresja hvað samanburðarefni varðar. Án samanburðargagna er ómögulegt að segja hvað bygging fjárhús á Neðra Ási á fyrri hluta 18. aldar gæti verið til marks um. Hugsanlega kom það í stað annars húss einhverstaðar í grendinni, en einnig má hugsa sér að það hafi verið byggt til að koma á móts við aukinn fjölda sauðfjár eða annarrs búfjár, eða að það hafi verið byggt til búa betur að þeim búfénaði vegna breyttri áherslan í skepuhaldi. Bygging mun stærra fjárhúss á sama stað á 19. öld er örugglega til marks um raunverulegar breytingar í landbúnaði eftir miðja öldina. Sauðfé fór þá fjölgandi um allt land og byrjað var að byggja hlöður til að hey nýttust betur. Fjárhús það sem þá var byggt er einstæðuhús af gerð sem er vel þekkt um allt land og hefur viða verið í notkun fram undir síðustu ár.

### *Lokaorð*

Kirkja sú sem grafin hefur verið fram í túninu á Neðra Ási hefur hugsanlega staðið fram á 16. öld og er því varlegast að túlka þær leifar sem hér hefur verið grein frá sem brunarústir síðmiðaldakirkju, en jafnframt hafa komið í ljós ýmsar vísbendingar um að kirkja hafi staðið á sama stað allt frá því á 11. öld. Kirkjan hefur upphaflega verið timburbygging án torfveggja og hugsanlega hefur hún einnig verið mun stærri en seinna varð.

Fyrir utan dómkirkjuna í Skálholti eru allar kirkjur sem grafnar hafa verið upp á Íslandi mjög svipaðar að stærð og er kirkjan á Neðra Ási engin undantekning eins og sést af eftirfylgjandi töflu:

| <b>Kirkja:</b>                 | <b>stærð (innanmál)</b> | <b>aldur</b> |
|--------------------------------|-------------------------|--------------|
| Kross á Skarðsströnd           | 5 x 2,5 m               | miðaldir     |
| Stöng í Þjórsárdal             | 4,8 x 2,8 m             | 11. öld      |
| Varmá í Mosfellssveit          | 5 x 3 m                 | 14. öld      |
| Kúabót í Álfaveri              | 5,3 x 3,2 m             | 14.-15. öld  |
| Neðri Ás í Hjaltadal           | 5,65x 3,5 m             | 15.-16. öld  |
| Gröf á Höfðaströnd             | 6,25x 3,21 m            | 17. öld      |
| Núpstaður á Síðu               | 6 x 2,5 m               | 17. öld      |
| Kalastaðir á Hvalfjarðarströnd | 6,5 x 3 m               | miðaldir     |
| Stóraborg undir Eyjafjöllum    | 5,85x 3 m               | ? miðaldir   |

Tafla 2. Innanmál á íslenskum kirkjum. Kirkjur á Gröf og Núpstað standa enn, en hinrar hafa allar verið grafnar upp fyrir utan Kalastaði þar sem óvenjuskýr tóft sést á yfirborði. Við þetta má bæta að kirkjan á Skeljastöðum hefur verið í sama stærðarflokki ef marka má af svæði því í miðjum garðinum þar sem engar grafir voru (8x4 m samanborið við sambærilegt svæði í garðinum í Stóruborg sem var 8x5 m). Heimildir: sjá Heimildaskrá.

Kirkjan á Stóruborg var sóknarkirkja allt þar til hún var aflögð og kirkjan á Núpstað hafði verið sóknarkirkja þó hún hafi verið orðin bænhús er hús það sem enn stendur þar var byggt á 17. öld. Kirkjurnar á Stóruborg og Núpstað eiga það þó sammerkt að undir þær lágu ekki stórar sóknir heldur aðeins heimabærinn og meðfylgjandi hjáleigur. Kirkjur á Stöng og í Kúabót eru ekki þekktar úr ritheimildum en hinarr voru allar útkirkjur eða bænhús. Engar aðrar sóknarkirkjur frá miðoldum hafa verið grafnar upp á Íslandi en af yngri heimildum má ráða að þær hljóti flestar að hafa verið heldur stærri. Sem dæmi má nefna Víðimýrarkirkju sem reist var 1732 en hún var 9x4,5 m að innanmáli, og Þingvallakirkju sem reist var 1790 en hún var 7,5x3,1 m og höfðu forverar hennar frá því á 17. öld verið áþekkar að stærð. Betra samanburðarefni er að fá á Grænlandi en þar hefur varðveist fjöldi kirkna frá miðoldum og hafa sumar þeirra verið grafnar upp. Þær heimildir gefa allt aðra mynd en hinarr íslensku. Í byggðum norrænnar manna á Grænlandi virðast flestar kirkjur hafa verið miklu stærri en þær íslensku eins og sést af meðfylgjandi töflu:

| <u>Staður</u>                  | <u>stærð (innan)</u> | <u>stærð (utan)</u> |
|--------------------------------|----------------------|---------------------|
| Ikigait (Herjólfsnes)          |                      | 14,75x10,15         |
| Tsermiutsiaq                   |                      | 11,75x8,85          |
| Narssaq (Vogar)                |                      | 8x5                 |
| Narssarsuaq                    | 12,8x5               | 15x9                |
| Igaliku Kujatleq (undir Höfða) |                      | 18x17               |
| Qaqortukolooq (Hvalsey)        |                      | 16,17x7,92          |
| Brattahlíð 3                   |                      | 15x7,4              |
| Brattahlíð 2                   |                      | 12x                 |
| Þjóðhildarkirkja               | 3,5x2                |                     |
| Nunataaq (Ísafjörður?)         |                      | 12x5-6              |
| Ánavík                         |                      | 13,9x6,8            |

Tafla 3. Þekktar stærðir á miðaldakirkjum frá Grænlandi. Heimildir: sjá Heimildaskrá.

Athygli vekur að einungis kirkjan í Narssaq er í sama stærðarflokki og íslensku kirkjurnar, Þjóðhildarkirkja er mun minni, en allar hinnar eru miklu stærri og áþekkar þekktum miðaldakirkjum frá hinum Norðurlöndunum, en elstu trékirkjur í Noregi og Danmörku eru flestar á bilinu 9-10 m langar og 4-5 m breiðar. Að vísu rakst Vebæk á mjög smáar tóftir á Grænlandi sem hann taldi hafa verið smákirkjur eða bænhús en hann greinir ekki frá því hversu stórar þær eru.

Frekar er að þessi gögn bendi til að íslenskar kirkjur hafi almennt verið minni en í nágannahöndunum verður að álita að þær kirkjur sem hingað til hafa verið rannsakaðar á Íslandi séu allar minniháttar kirkjur af einhverju tagi, kirkjur sem fyrst

og fremst voru ætlaðar til nota fyrir eitt heimili og í mesta lagi fólk frá afbýlum og hjáleigum. Kirkjan í Neðra Ási er greinilega í þessum flokki.

Það er þó athyglisvert að kirkjan í Neðra Ási er óvenjubreið og breiðari en margar kirkjur sem voru mun lengri. Það gæti stutt þá túlkun að kirkjan hafi upphaflega verið einu stafgólfí lengri og hafi verið stytt en haldið upphaflegri breidd. Kirkjan á Neðra Ási sker sig einnig frá kirkjum á Stöng og Varmá að því leyti að aurstokkurinn hefur hvílt á smásteinum sem ekki voru tengdir ytri torf/grjótvegg en í síðarnefndu kirkjunum skagar neðsta steinaröðin í veggleðslunni út að innanverðu og myndar sillu sem aursokkurinn hefur hvílt á. Kirkjurnar á Stöng og Varmá hafa því greinilega verið byggðar frá upphafi sem torfkirkjur en kirkjan á Neðra Ási hefur verið byggð sem timburbygging. Þó að kirkjugarðurinn á Neðra Ási virðist frá upphafi aðeins hafa verið hálfringur er hann þó mun stærri en aðrir þekktir kirkjugarðar. Hringlaga garðar eru flestir  $320\text{-}490\text{ m}^2$  eða minni (í Gröf er garðurinn aðeins  $180\text{ m}^2$ ) og hinir ferköntuðu eru allir undir  $400\text{ m}^2$ . Hinn rúmlega  $600\text{ m}^2$  kirkjugarður á Neðra Ási hefur því átt að geta tekið við miklum mannfjölda. Allt bendir þetta til að kirkjan á Neðra Ási hafi í fyrstu verið mun miklfenglegra hús en hún varð á síðmiðöldum og gæti það stutt vísbindingar úr miðaldaritum um að kirkjan þar hafi átt sér óvenjulega sögu.

Að uppyggini virðist kirkjan á Neðra Ási standa einna næst bænhúsinu í Kúabót í Álfaveri.<sup>32</sup> Það hús var eins og kirkjan á Neðra Ási allt undir sama formi, þ.e. kórinn var jafnbreiður framkirkjunni. Þar fannst tréstokkur í svipaðir afstöðu við vesturgafl, ef gengið er útfrá að stétt sem þar var framan við kirkjuna hafi endað upp við vesturgaflinn. Sá stokkur er í skýrslu um Kúabótaruppgröftinn túlkaður sem fremsti undirstokkur undir trégólf en fleiri tréleifar fundust á gólfinu sem þóttu benda til að þar hefði verið trégólf. Fjórir stoðarsteinar voru þar í austurhluta byggingarinnar, tveir í hvoru horni og tveir aðrir um 1,8 m vestar sinn í hvorri hlið. Í norðurhlíðinni hvíldi enn stokkur ofan á steinunum og má af ljósmyndum ráða að sá stokkur hljóti að hafa verið 20-30 sm hærri en samskonar stokkur í vestari hluta hússins. Steinarnir fjórir virðast því afmarka kórinn sem hefur verið upphækkaður trépallur eins og á Neðra Ási. Kirkjan á Neðra Ási er öðruvísí að því leyti að ummerki hafa fundist um niðurgrafna hornstafi. Ekki er víst að kirkjan hafi alltaf verið með því móti en mjög virðist henni hafa svipað til trékirkjunnar í Røldal í

<sup>32</sup> Lilja Árnadóttir: ‘Kúabót í Álfaveri VI.’ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1986, 56-62.

Noregi sem talin er frá 14. öld. Sú kirkja var að vísu talsvert stærri, eða 7,5x6,5 m, en hún var einnig upphaflega undir einu formi og hafði niðurgrafna hornstafi.<sup>33</sup>

Allar þær grafir sem hægt varð að tímasetja voru eldri en 1104 og engin gröf fannst sem með vissu var hægt að sjá að væri tekin eftir að það lag féll. Margar grafir eru enn ókannaðar, og sennilega er ekki óeðlilegt að ætla að elstu grafirnar séu einmitt þær sem næstar eru kirkjunni. Engu að síður virðist sem mest hafi verið greftrað við kirkjuna á 11. öld og hafi hún verið í notkun fram á 16. öld verður að teljast sennilegt að hætt hafi verið að greftra við hana löngu fyrr. Það gæti stutt hugmyndir um að hinum fjölmörgu smákirkjur sem heimildir sýna að verið hafi á Íslandi hafi upphaflega verið byggðar fyrst og fremst sem heimiliskirkjur í tengslum við heimagrafreti en að hætt hafi verið að nota slíka grafreit er sóknarskipulagið festist í sessi á 13. og 14. öld.<sup>34</sup>

Eins og oft vill verða hefur uppgröfturinn á Neðra Ási vakið upp fleiri spurningar en skýr svör. Vonast er til að sumum af þeim spurningum verði svarað við frekari rannsóknir á staðnum sumarið 1999 en einnig má vonast til að ósvaraðar spurningar verði hvatning til frekari rannsókna á íslenskum miðaldakirkjum.

## Pakkir

Rannsóknin á Neðra Ási var styrkt af ríkissjóði en auk þess lagði Þjóðminjasafn til laun tveggja starfsmanna á meðan á uppgröftinn fyrir ánægjulegt og frjótt samstarf og sérfræðinganeftnd verkefnisins fyrir aðstoð og hvatningu. Þá hafa Adolf Friðriksson, Anna Hermannsdóttir, Garðar Guðmundsson, Mjöll Snæsdóttir og Przemyslaw Urbanczyk veitt margvíslega aðstoð og fá þau bestu þakkir fyrir. Árný Sveinbjörnsdóttir á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands hafði milligöngu um aldursgreiningar í Árósum og Stephen Dockrill við háskólann í Bradford um greiningar á gjallsýnum og hafi þau þakkir fyrir. Þá á Finnur Pálsson á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands þakkir skildar fyrir að gera hæðalíkön af “Bænhúsini” og nágrenni þess. Einnig Bessi Vésteinsson skurðgröfustjóri sem aðstoðaði við niðurrit fjárhússins og að fjarlægja efni úr kirkjugarðinum. Erlingur

<sup>33</sup> Jørgen H. Jensenius: ‘Røldal – stavkirke eller ...?’ *Viking. Norsk arkeologisk årbok LXI* (1998), 131-145.

<sup>34</sup> Orri Vésteinsson: *The Christianisation of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000-1300*, [fúngr. Ph.D. ritgerð], Lundúnaháskóli 1996.

Garðarsson bóndi á Neðra Ási hefur sýnt rannsóknunum mikinn áhuga og hefur stutt þær með ráðum og dáð. Eru honum færðar sérstakar þakkir.

## *Heimildaskrá*

Ahrens, Claus ed: *Frühe Holzkirchen im nördlichen Europa*, (Veröffentlichung des Helms-Museums no. 39), Hamburg 1981.

Albrethsen, S.E.: 'Nordbonyt.' *Skalk. Nyt om gammelt* 1972(4): 11-15.

Anker, Peter: *Stavkirkene – deres egenart og historie*, Oslo 1997.

**BG:** *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, Rv. 1919-1942.

Bjarni Aðalbjarnarson, *Om de norske kongers sagaer*, Oslo 1947.

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers*, Lund 1967.

**Bsk:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi I-II*, Kh. 1858-1878.

Christie, Håkon: 'Stavkirkene – Arkitektur.' *Norges kunsthistorie* V(7), Oslo 1981, 253-355.

Christie, Håkon: 'Den förste generasjon av kirker i Norge.' *Hikuin* 9 (1983).

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornþréfásafn* I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976.

Ekhof, E.: *Svenska stavkyrkor*, Stockholm 1914-16.

Finnur Jónsson: 'Hinn forni kaupstaður "at Gásum".' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1908: 3-8.

*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Rv. 1990.

Gísli Gestsson: 'Gamla bænhúsið á Núpsstað.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1961: 61-84.

Guðmundur Ólafsson: *Fridlysta fornlämningar i Borgarförðurs härad Island*, Uppsala 1991

Guðbrandur Jónsson: *Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal. Lýsing íslenzkra miðaldakirkna*, (Safn til sögu Íslands V(6)), Rv. 1919-29.

Hauglid, Roar: *Norske stavkirker. Bygningshistorisk bakgrunn og utvikling*, Oslo 1976.

Hildur Gestsdóttir: *Athuganir á varðveislu beina úr kirkjugarðinum að Neðri-Ási*, Rv. 1997.

- Hildur Gestsdóttir: *Rannsókn á beinum úr kirkjugarðinum að Neðra-Ási í Hjaltadal*, 1998, Rv. 1998.
- Hörður Ágústsson: 'Stavbygning. Island.' KHL XVII (1972): 90-93.
- Hörður Ágústsson: 'Stavkirke. Island.' KHL XVII (1972): 101-104.
- Hörður Ágústsson: 'Hús í homilíu. Bréf til norðmanna um kirkjudagspredikun.' *Skírnir* 148 (1974): 60-89.
- Hörður Ágústsson: 'Kirkjur á Víðimýri.' *Skagfirðingabók* 1984, 21-96.
- Hörður Ágústsson: 'Minnisgrein um kirkjugrunnsleifar á Stóruborg.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1987: 41-43.
- Hörður Ágústsson: *Skálholt. Kirkjur* (Staðir og kirkjur I. Skálholt), Rv. 1990
- IA:** *Islandske Annaler indtil 1578*, G. Storm gaf út, Chria 1888.
- ÍBS:** *Íslensk bókmenntasaga I-*, Rv. 1992 - .
- ÍF:** *Íslenzk fornrit*, Rv 1933 - .
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13, Rv. 1990.
- Jensenius, Jørgen H.: 'Røldal -- stavkirke eller ...?' *Viking. Norsk arkeologisk årbok* LXI (1998), 131-145.
- JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kh. 1847.
- Jón Jóhannesson: *Gerðir Landnámabókar*, Rv. 1941.
- Jón Steffensen: 'Rannsóknir á kirkjugarðinum í Haffjarðarey sumarið 1945.' *Skírnir* 120 (1946): 144-162.
- KHL:** *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* I-XXII, Rv. 1956-78.
- Kristján Eldjárn: *Um Grafarkirkju. Leiðsögn um kirkju og kirkjugripi*, 2. útg, Rv. 1971.
- Kristján Eldjárn: 'Kirkjur úst á Krossi á Skarðsströnd.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1973:142-144.
- Kristján Eldjárn, Håkon Christie & Jón Steffensen: *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958*, (Staðir og kirkjur I. Skálholt), Rv. 1988
- Krogh, Knud J.: 'Thjodildes kirke på Brattahlid.' *Nationalmuseets Arbejdsmark 1963-65* (1965).
- Krogh, Knud J.: 'Seks Kirkjur heima á Sandi.' *Mondul* 1975(2): 21-54.
- Krogh, Knud J.: 'Om Grønlands middelalderlige kirkebygninger.' *Minjar og menntir. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn sextugum*, Rv. 1976, 294-310.
- Lilja Árnadóttir: 'Kúabót í Álfaveri VI.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1986,

56-62.

Gerry McDonnell: 'Irons in the Fire – Evidence of Ironworking on Broch Sites.' *Old Scatness Broch, Shetland: Retrospect and Prospect*, R.A. Nicholson & S.J. Dockrill ritstj, Bradford 1998.

Magnús Már Lárusson: 'Kristni saga.' KHL IX, 356.

Magnús Á. Sigurgeirsson: 'Fornleifarannsókn að Neðra-Ási í Hjaltadal – gjóskulagagreining –' viðauki í Roberts: *Neðri Ás í Hjaltadal* 1998.

Matthías Þórðarson: 'Skeljastaðir, Þjórsárdalur.' *Forntida gárdar i Island*. Stenberger, M. ritstj, Kbh. 1943: 121-136, 307-310.

Mjöll Snæsdóttir: 'Kirkjugarður að Stóruborg undir Eyjafjöllum.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1987: 5-40.

Nielsen, Niels: 'Jærnudvindingen paa Island i fordums tider.' *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie* 1926: 129-74.

Orri Vésteinsson: *The Christianisation of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000-1300*, [óútg. Ph.D. ritgerð], Lundúnaháskóli 1996.

Orri Vésteinsson: 'Kirkja og kirkjugarður í Nesi við Seltjörn.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1995, 99-122.

**ÓO:** Ólafur Olavius: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* I-II, Steindór Steindórsson þýddi, Rv. 1964-65.

Roberts, Howell: *Neðri-Ás í Hjaltadal. Framvinduskýrsla. Preliminary excavation report 1998*, Rv. 1998.

Roussel, Aage: 'Farms and Churches in the Medieval Norse Settlements of Greenland.' *Meddelelser om Grønland* 89(1) (1944): 1-354.

Sigurður Bergsteinsson: *Fornleifarannsókn í Neðra-Ási* 1997 (Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar XIX), Rv. 1997.

Sigurður Nordal, *Um íslenzkar fornsögur*, Rv. 1968.

**SSSk** *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873* II  
*Skagafjarðarsýsla*, (Safn til landfræðisögu Íslands), Ak. 1954.

**Sturl:** *Sturlunga saga*, Örnólfur Thorsson ritstj., Rv. 1988.

Sveinbjörn Rafnsson (1971): 'Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1970: 31-49.

Vebæk, C.L.: 'The Church Topography of the Eastern Settlement and the Excavation of the Benedictine Convent at Narsarsuaq in the Uunartoq Fjord.'

*Meddelelser om Grønland. Man & Society* 14 (1991).

Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson: ‘Gård og kirke på Stöng i Þjórsárdalur. Reflektioner på den tidligste kirkeordning og kirkeret på Island.’ *Nordsjøen. Handel, religion og politikk. Karmøyseminaret 1994 og 1995*, Krøger & Naley ritstj., Stavanger 1996, 119-139.

Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson: ‘Ved Helvedets Port.’ *Skalk. Nyt om gammelt* 1996(4), 11-15.

Þorkell Jóhannesson: ‘Járngerð.’ *Iðnsaga Íslands* 2, Rv. 1943, 59-73.

Þór Magnússon: ‘Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1984.’ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1984, s. 193-213.